


ÚTTEKT Á LEIKSKÓLANUM GRÆNUVÖLLUM Á HÚSAVÍK

Unnin fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið

7. maí 2012

ATTENTUS
mannauður & ráðgjöf

Ingunn Björk Vilhjálmisdóttir og Svava Bernhard
Sigurjónsdóttir



Úttekt þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka stjórnendum, starfsfólki, börnum, foreldrum, bæjarstjóra, formanni fræðslu- og menningarnefndar og fræðslunefnd fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf meðan á úttektinni stóð.

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum.....	4
1. Inngangur	6
1.1. Gagnaöflun.....	6
2. Leikskólinn og umhverfi hans.....	7
2.1. Helstu einkenni leikskólans.	7
2.2. Skólustefna og áherslur sveitarfélagsins.....	7
2.3. Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslupættir leikskólans.	8
2.4. Innleiðing laga og reglugerða.....	8
2.5. Húsnæði skólalóð og aðbúnaður.....	9
2.5.1. Húsnæði og aðbúnaður.....	9
2.5.2. Útivistæði.....	9
2.5.3. Eftirlit, öryggi og slysavarnir.	9
2.6. Mat úttektaraðila.....	10
3. Stjórnun og rekstur	12
3.1. Stjórnskipulag og skipurit.....	12
3.2. Starfsáætlun	13
3.3. Mat úttektaraðila.....	13
4. Skólanámsskrá leikskóla.....	15
4.1. Sérstakar námsskrár.....	16
4.2. Tengsl skólastiga	16
4.3. Mat úttektaraðila.....	17
5. Mannauður	18
5.1. Starfsfólk	18
5.2. Starfsþjálfun og símenntun.....	18
5.3. Fundir og boðskipti	19
5.4. Fjarvistir starfsmanna	19
5.5. Mat úttektaraðila.....	21
6. Uppeldi, menntun og umönnun.....	22
6.1. Börnin.....	22
6.2. Dagskipulag leikskólans	23
6.3. Leikur og nám.....	23
6.4. Leikefni og efniviður	24
6.5. Lífsleikni og líðan nemenda.....	24
6.6. Lýðræðisþjálfun	25
6.7. Samskipti agi og hegðun.	25
6.8. Þróunarverkefni	26
6.9. Mat úttektaraðila.....	27
7. Skólabragur og samskipti.....	29

7.1. Starfsandi og samskipti.....	29
7.2. Jafnrétti.....	29
7.3. Þátttaka og áhrif.....	30
7.4. Einelti.....	30
7.5. Mat úttektaraðila.....	30
8. Leiðarljós, Grunnþættir menntunar og námsvið leikskóla.....	31
8.1. Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	31
8.2. Mat úttektaraðila.....	33
9. Innra mat.....	34
9.1. Mat úttektaraðila.....	34
10. Foreldrasamstarf og ytri tengsl.....	35
10.1. Foreldraráð.....	35
10.2. Foreldrafélag.....	35
10.3. Lýðræði og þátttaka.....	35
10.4. Samskipti heimilis og leikskólans, grenndarsamfélags.....	36
10.5. Mat úttektaraðila.....	36
11. Sérkennsla barna og sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins.....	37
11.1. Mat úttektaraðila.....	38
12. Mat og eftirlit sveitarfélagsins.....	39
12.1. Ytra mat.....	39
12.2. Aðkoma sveitafélags.....	39
12.3. Mat úttektaraðila.....	39
13. Niðurstöður höfunda.....	40
13.1. Styrkleikar og veikleikar.....	40
13.2. Ógnanir og tækifæri.....	41
13.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta.....	42
14. Heimildir.....	43
Viðaukar.....	44

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Grænuvalla. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Lagt er mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins og gerð grein fyrir því hvernig innra og ytra mat leikskólans, ásamt eftirliti sveitarfélagsins, nýtist honum.

Leikskólinn Grænuvellir er staðsettur á Húsavík og var opnaður árið 2007, eftir sameiningu tveggja leikskóla á svæðinu. Í leikskólanum eru 139 börn og 41 starfsmaður, þ.a. 36% fagmenntaðir leikskólakennarar. Starfsmannavelta árið 2011 var um 7% og kynjahlutfall 96% konur og 4% karlar. Deildirnar eru samtals sjö og yngstu börnin eru eins árs. Að mati allra í rýnihópum er leikskólinn fullsetinn. Skólafélag Norðurþings hefur verið í vinnslu frá árinu 2008. Drög að nýrri stefnu tekur ekki mið af nýrri aðalnámskrá frá árinu 2011 og leikskólastjórnendur komu síðast að vinnunni árið 2008. Hugmyndafræði, stefna og áherslupættir leikskólans eru ekki skráð. Skólanámskrá leikskólans liggur ekki fyrir og uppfyllir hann því ekki ákvæði aðalnámskrár. Ekki hafa orðið breytingar á skólafélaginu í kjölfar laga um leikskóla árið 2008. Helstu áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans eru sumarlokun, fækkun starfsmannafunda og að dregið hefur verið úr innkaupum á leikföngum og aðföngum. Leikskólinn uppfyllir lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað og fullnægir að flestu leyti kröfum starfsmanna, foreldra og barna. Nokkur óánægja er með bráðabirgðahúsnæði elstu deildar. Öryggisnefnd er starfandi á leikskólanum og gerði áhættumat árið 2011. Rýmingaráætlun vegna eldsvoða er til en hún er ekki nægilega vel kynnt. Brunaæfingar eða æfingar vegna jarðskjálfta hafa ekki verið haldnar. Ferlar vegna slysa eru ekki til og starfsmenn ekki nægilega þjálfaðir.

Grænuvellir er eini leikskólinn í Norðurþingi sem heyrir ekki undir grunnskóla og að sögn stjórnenda leita aðrir leikskólastjórar í sveitarfélaginu mikið til þeirra. Á skólaskrifstofu sveitarfélagsins er ekki leikskólafulltrúi. Leikskólinn hefur staðist rekstraráætlanir en mikið hefur verið um veikindi starfsmanna. Árið 2011 var útbúin fjarvistarstefna fyrir leikskólann að fyrirmynd VIRK en fjarvistir á hvern starfsmann voru 18 dagar árið 2011, eða um 7%. Að sögn starfsfólks er aðkoma þess að stjórnun skólans ekki mikil. Verkaskipting starfsmanna er nokkuð ljós. Drög að starfsmannastefnu liggur fyrir en hún hefur ekki verið kynnt. Gefin er út ársskýrsla um leikskólann en hún er hvorki birt á heimasíðu né kynnt foreldrum. Símenntunaráætlun liggur ekki fyrir og endurmenntun starfsfólks er ekki mikil. Skriflegt ferli vegna móttöku nýrra starfsmanna er til.

Starfsmannafundum hefur fækkað verulega og að sögn starfsfólks er lítil umræða um faglegt starf. Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári en deildarstjórar eru ekki nægilega upplýstir um niðurstöður. Mikil ánægja er með störf leikskólastjóra og samskipti á leikskólanum eru góð. Útikennsla er virk og námskrá um hana liggur fyrir. Tengsl við grunnskólann og tónlistarskólann eru góð og elstu börnin fara á sundnámskeið að vori. Dagskipulag skólans er nokkuð stíft og innrammað og kemur niður á vægi frjálsa leiksins. Almenn sátt ríkir milli foreldra og starfsmanna um starfið. Mikil áhersla er lögð á lífsleikni og dyggðanám, þroskamat er gert á öllum börnum og foreldraviðtöl fara fram árlega. Aðkoma barna að ákvarðanatöku innan leikskólans og lýðræðisáhrif þeirra virðast ekki vera mikil. Agastefna er ekki samræmd eftir deildum. Leikskólinn hefur innleitt þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun með góðum árangri. Móttökuáætlun vegna barna af erlendum uppruna er ekki til. Vel er staðið að heilbrigði og velferð, t.d. með aðkomu barna að hreyfipjálfun, útikennslu og heilbrigðu mataræði. Nærumhverfi Grænuvalla er órjúfanlegur þáttur í umhverfismennt, mikil áhersla er lögð á sköpun og menningu og markvissa málörvun. Innra og ytra mat á leikskólanum vantar og er því ekki í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá.

Foreldrahandbók er til og hún endurmetin reglulega. Skólanum hefur tekist vel til við að koma á samvinnu við foreldra og aðra hagsmunaaðila. Foreldraráð og foreldrafélag eru starfandi og lýðræði er virkt og þátttaka foreldra góð. Aðgangur skólans og foreldra að sérfræðipjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga. Almenn ánægja er með sérfræðipjónustuna en nokkur óánægja er með eftirfylgni mála innan leikskólans. Gott samstarf er við heilsugæsluna.

Lagt er til að skólastefna sveitarfélagsins og skólans ásamt skólanámskrá verði útbúnað út frá nýrri aðalnámskrá, með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins. Mikilvægt er að skrá betur starf leikskólans, kynna starfsmannastefnu, símenntunaráætlun og eineltisáætlun, rýmingaráætlanir, halda bruna- og slysaæfingar, fylgja betur eftir sérkennslumálum innan leikskólans og meta gæði starfsins, bæði í innra og ytra mati. Rýna þarf betur í ástæður fjarvista starfsmanna og grípa til aðgerða. Auka má aðkomu starfsmanna að stjórnun skólans, bæta upplýsingaflæði og auka frekar aðkomu barna og foreldra að skólastarfinu. Endurskoða má stefnu um leikfangaval og efnivið, auka vægi frjálsa leiksins og útbúa samræmda agastefnu. Sveitarfélagið þarf að tryggja að starfsfólk fái tækifæri til að klára skólanámskrána og endurmeta starfið. Finna þarf leiðir til að minnka hávaða inni á deildum og úttektaraðilar taka undir það með rýnihópum að leikskólinn er orðinn vel setinn.

1. INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir úttekt á starfsemi leikskólans Grænuvalla á Húsavík. Úttektin er gerð á grundvelli *20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008* og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á leikskólastigi. Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni er m.a. lagt mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins auk þess sem gerð er grein fyrir hvernig innra og ytra mat leikskólans, ásamt eftirliti sveitarfélagsins, nýtist honum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Attentus – mannauði og ráðgjöf að gera úttektina. Í skýrslu þessari er í upphafi sagt frá gagnaöflun og aðferðum við úttektina. Síðan er gerð grein fyrir leikskólanum Grænuvöllum á Húsavík og niðurstöðum úttektarinnar og farið yfir styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri skólans. Að lokum eru tillögur til úrbóta.

1.1. Gagnaöflun

Tekin voru viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, sérkennslustjóra, 11 deildarstjóra, átta starfsmenn, sjö börn og fimm foreldra. Þá var fundað með bæjarstjóra, formanni fræðslu- og menningarnefndar, kennsluráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa, sálfræðingi og þremur fulltrúum úr fræðslunefnd Norðurþings. Alls 41 var tekinn tali. Leikskólinn var heimsóttur tvisvar sinnum og húsnaði og lóð skoðuð. Markmiðið með viðtölunum, vettvangsskoðunum og rýnihópunum var að fá fram viðhorf mismunandi aðila til starfs leikskólans og var stuðst við viðtalsramma sem tók mið af þeim þáttum sem mat mennta- og menningarmálaráðuneytisins beindist að.

Óskað var eftir gögnum frá leikskólanum í samræmi við efnisyfirlit skýrslu og fékk leikskólastjóri gátlista til að styðjast við. Gæði upplýsinga voru misgóð. Fáar heildarskýrslur fengust frá leikskólanum, skólanámskráin var ekki til og upplýsingar því ekki uppfærðar fyrir viðtölin. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku því saman, að beiðni úttektaraðila, uppfærðar upplýsingar um starfsemi leikskólans.

Auk ofangreindra þátta byggir úttektin á lögum og reglugerðum um leikskóla, skólanámskrá leikskólans og gögnum um starfsemi hans (sjá nánar í heimildaskrá).

2. LEIKSKÓLINN OG UMHVERFI HANS

2.1. Helstu einkenni leikskólans.

Leikskólinn Grænuvellir er staðsettur á lðuvöllum 1 á Húsavík. Hann var opnaður 15. september 2007. Með tilkomu Grænuvalla voru sameinaðir tveir leikskólar sem fyrir voru á Húsavík, leikskólinn Bestibær og leikskólinn í Bjarnahúsi. Á Grænuvöllum eru sjö deildir, þær heita Árholt, Foss, Hóll, Berg, Tunga, Vilpa og Bali. 139 börn eru í leikskólanum í fjögurra til níu tíma vistun. Á leikskólanum starfar 41 starfsmaður, allt konur, 16 leikskólakennarar, 17 leiðbeinendur, einn þroskaþjálfari, tveir stuðningsfulltrúar, tveir starfsmenn frá félagsþjónustu, einn í samstarfi við VIRK, þrír í eldhúsi og fjórir við ræstingar, þar af einn karlmaður.

2.2. Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins.

Samkvæmt lögum um leikskóla (nr.90/2008) og grunnskóla (nr.91/2008) er sveitarfélögum skylt að koma á almennri stefnu um leik- og grunnskólahlald í sveitarfélaginu, kynna hana íbúum og gera aðgengilega. Sveitarfélagið Norðurþing stendur nú að gerð stefnu í skólamálu. Árið 2008 voru skipaðir sérstakir vinnuhópar í Norðurþingi með það að markmiði að móta stefnu og framtíðarsýn um skólastefnu sveitarfélagsins. Hóparnir voru sjö talsins og í hverjum hópi voru sex einstaklingar sem komu úr röðum foreldra, stjórnenda, kennara og nemenda víðs vegar að úr sveitafélaginu. Hóparnir störfuðu undir stjórn Trausta Þorsteinssonar, lektors við Háskólann á Akureyri, og voru faglegar athugasemdir og sjónarmið höfð til hliðsjónar.¹

Fræðslu- og menningarnefnd Norðurþings hefur umsjá með vinnu og útgáfu á Skólastefnu Norðurþings. Drög að stefnunni hafa verið lögð fyrir starfsmenn og forráðamenn nemenda í grunn- og leikskólum er heyra undir Norðurþing.² Áætlað er að stefna sveitarfélagsins verði lögð fyrir bæjarstjórn til samþykktar í lok vors/byrjun sumars 2012.³

Skólastefna sveitarfélagsins tekur ekki mið af nýrri aðalnámskrá frá árinu 2011. Ekki eru uppi áætlanir um að samræma stefnuna nýjum lögum og nýrri aðalnámskrá áður en hún verður gefin út.⁴⁵ Að sögn skólstjórnenda hefur skólastefnan ekki verið unnin í samvinnu við þá frá árinu 2008.

1 Vefsíða Norðurþings.

2 Vefsíða Norðurþings.

3 Rýnihópur með fulltrúum bæjarskrifstofu.

4 Rýnihópur með fulltrúum bæjarskrifstofu.

5 Rýnihópur með fræðslu- og menningarnefnd ásamt starfsmönnum skólaskrifstofu.

2.3. Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslurættir leikskólans.

Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslurættir hafa ekki verið skráðir í leikskólanum en að sögn skólastjórnenda byggist starfið á kenningum Dewey og Pratt. Lögð er áhersla á að börnin læri af eigin reynslu „*learning by doing*“, eigin virkni og eigin áhuga og að börn nýti og njóti tækifæra hins daglega lífs og kynnist hinum síbreytilega heimi.⁶

Ný einkunnarorð leikskólans eru *vinsemd, virðing og vinátta* og voru þau ákveðin af stjórnendum. Hvorki er búið að breyta einkunnarorðum formlega né leita áhlits annarra hópa. Helstu áhersluatriði í leikskólastarfinu eru læsi, markviss málörvun, hreyfing, heilsa, næring, leikgleði og lífsleikni. Að sögn skólastjórnenda er stefna leikskólans óskýr. Markmiðið er að skrá nýja stefnu í tengslum við nýja aðalnámskrá leikskóla. Stjórnendur eru byrjaðir að ræða stefnuna en mikilvægt er að fá fjármagn frá sveitarfélaginu inn í þá vinnu.⁷

2.4. Innleiðing laga og reglugerða.

Að sögn skólastjórnenda hafa ekki orðið breytingar á skólastarfinu í kjölfar setningar laga um leikskóla árið 2008 og vel gengur að innleiða nýjar reglugerðir. Leikskólinn hefur haldið sig við ýmis atriði úr eldri lögum, t.d. barngildi á fermetrafjölda. Ný lög og reglugerðir hafa ekki leitt til breytinga á kostnaði.⁸

Helstu áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans er sumarlokun en leikskólinn var opinn allt árið fram til ársins 2009. Í dag er hann lokaður fjórar vikur á ári. Árið 2009 tóku starfsmenn fimm launalaus daga, lokað var milli jóla- og nýárs og um páska. Starfsmannafundum var fækkað úr níu í fjóra. Starfsmannafundir eru eftir vinnutíma og fá starfsmenn þrjá tíma greidda, annars er yfirvinna ekki greidd. Starfsfólk tekur yfirvinnu út í frí og að sögn starfsmanna er ekki mikill sparnaður í því, það vindi bara upp á sig. Þeir telja að leikskólinn hafi gengið mjög langt í sparnaði og skorið niður á öllum stöðum, t.d. sé lítið sem ekkert keypt af leikföngum. Að sögn starfsfólks er komið að þolmörkum í sparnaði.⁹

Stefna sveitarfélagsins í kjölfar efnahagshruns var að halda starfsfólki í vinnu en skera niður annan kostnað. Að sögn formanns fræðslu- og menningarnefndar hefur sparnaður hægt á námskrárgerð, fagstarfi og endurmenntun starfsmanna.¹⁰

6 Foreldrahandbók Grænuvalla, bls. 8.

7 Fundur með skólastjórnendum 14.mars 2012.

8 Fundur með skólastjórnendum 14.mars 2012.

9 Rýnihópur skólastjórnenda og starfsmanna 14.mars 2012.

10 Fundur með bæjarstjóra og formanni fræðslu- og menningarnefndar Norðurbings 14.mars 2012.

2.5 Húsnæði skólalóð og aðbúnaður.

Samkvæmt 12. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal gerð leikskólahúsnæðis taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmlegt náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.¹¹

2.5.1. Húsnæði og aðbúnaður.

Heildarstærð leikskólans er 1254 fermetrar og deildir eru sjö. Að sögn skólastjórnenda fullnægir leikskólinn að flestu leyti kröfum starfsmanna, foreldra og barna er varða húsnæði og aðbúnað leikskólans, leikrými barnanna, salernisaðstöðu, aðstöðu í fataklefa og starfsmannaaðstöðu. Nokkur óánægja er með bráða-birgðahúsnæði elstu deildar en þar eru 32 börn og sex starfsmenn. Kvartað er yfir hljóðvist og litlu rými. Skólastjórnendur hafa hvatt deildarstjóra til að skipta starfi deildarinnar frekar upp, t.d. með því að nýta annað rými leikskólans betur en því hefur ekki verið fylgt eftir. Kennarar telja að undirbúningsherbergi þeirra sé of lítið og ónæði sé frá kaffiaðstöðu starfsmanna. Í rýnihópi kennara var aðeins kvartað yfir þurru lofti og bent á að betra væri að hafa stillanleg skiptiborð á yngstu deildinni.¹²

2.5.2. Útisvæði

Leikvöllurinn er tvískiptur, suður- og norðurlóð. Að sögn starfsmanna og foreldra fullnægir leikskólinn ekki að fullu kröfum þeirra er varða skólalóð og útileiksvæði. Óskað er eftir fleiri rólum, að mold sé skipt út fyrir gras og sandinum skipt út. Lóðin er sögð of lítil fyrir 140 börn. Bílastæði fyrir starfsmenn og foreldra eru of fá og á morgnana myndast umferðarteppa. Inniljós vantar í útiskúr, grófari möl, mottur og fleiri leiktæki fyrir yngstu börnin.¹³

2.5.3. Eftirlit, öryggi og slysavarnir.

Í júní 2010 var ástand brunavarna á leikskólanum skoðað. Það var talið slæmt og tillögur að endurbótum lagðar fram. Að sögn leikskólustjóra hefur verið farið yfir allar athugasemdir og brunavarnir bættar.¹⁴ Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd skv. vinnuverndarlögum og hefur hún m.a. framkvæmt áhættumat í samvinnu við Vinnueftirlitið og niðurstöður verið kynntar á starfsmannafundi. Áhættumatið var gert árið 2011 en því hefur ekki verið fylgt eftir í ár.

¹¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 12. gr.

¹² Fundur með skólastjórnendum, starfsfólki og foreldrum 14. mars 2012.

¹³ Fundur með skólastjórnendum, starfsfólki og foreldrum 14. mars 2012.

¹⁴ Fundur með skólastjórnendum 14. mars 2012.

Leikskólinn hefur yfir að búa rýmingaráætlun vegna eldsvoða. Að sögn deildarstjóra hefur rýmingaráætlunin ekki verið endanlega staðfest né kynnt. Misjafnt er eftir deildum hvernig áætlunum er fylgt eftir og þær kynntar. Brunaæfingar eða æfingar vegna jarðskjálfta hafa ekki verið haldnar í leikskólanum. Fyrir tveimur árum kynnti slökkviliðsstjóri starfsfólki helstu útgönguleiðir og kenndi á slökkvitækin. Deildarstjórar, kennarar og starfsmenn í rýnihópum vissu ekki hverjir væru öryggisfulltrúar leikskólans.

Ekki liggur fyrir skriflegt ferli vegna slysa en að sögn starfsfólks er nokkuð skýrt hvert eigi að leita ef slys ber að höndum. Skyndihjálparnámskeið var haldið fyrir tveimur árum fyrir allt starfsfólk. Öryggiskassi er inni á hverri deild með nöfnum barna og símanúmerum foreldra þeirra. Nýir starfsmenn fá ekki þjálfun vegna þessa.¹⁵

2.6. Mat úttektaraðila.

- Skólastefna Norðurlþings hefur verið í vinnslu frá árinu 2008 og drög að nýrri stefnu taka ekki mið af nýrri aðalnámskrá frá árinu 2011. Skólastjórnendur hafa ekki tekið þátt í vinnunni frá árinu 2008. Að mati úttektaraðila er mikilvægt að ný skólastefna taki mið af lögum um grunn- og leikskóla frá árinu 2008 og nýrri aðalnámskrá frá árinu 2011. Einnig þurfa helstu hagsmunaaðilar, s.s. leikskólastjórnendur að taka meiri þátt í mótun stefnunnar.
- Hugmyndafræði, stefna og áherslupættir leikskólans eru ekki til skráðir og taka ekki mið af nýrri aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011. Skólanámskrá liggur ekki fyrir. Að mati úttektaraðila er mikilvægt að skrá hugmyndafræði, stefnu og helstu áherslupætti leikskólans og kynna hana öllum hagsmunaaðilum.
- Ekki hafa orðið breytingar á skólastarfinu í kjölfar setningar laga um leikskóla árið 2008 og vel gengur að innleiða nýjar reglugerðir.
- Helstu áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans eru sumarlokun, starfsmannafundum fækkaði um fimm fundi, starfsmenn taka yfirvinnu út í frí og lítið sem ekkert er keypt af leikföngum. Að sögn starfsfólks er komið að þolmörkum í sparnaði.
- Leggja þarf aukna áherslu á námskrágerð, endurmenntun starfsmanna og fagstarf.
- Leikskólinn uppfyllir lög og reglugerðir um húsnæði og aðbúnað og fullnægir að flestu leyti kröfum starfsmanna, foreldra og barna. Óánægja er með bráðabirgðahúsnæði elstu deildar, hljóðvist og undirbúningsherbergi starfsmanna.

¹⁵ Fundur með skólastjórnendum, kennurum og starfsfólki 14. mars 2012.

- Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd skv. vinnuverndarlögum og hefur hún m.a. framkvæmt áhættumat í samvinnu við Vinnueftirlitið og niðurstöður verið kynntar á starfsmannafundi. Áhættumatið var framkvæmt árið 2011 en því hefur ekki verið fylgt eftir í ár. Deildarstjórar, kennarar og starfsmenn í rýnihópum vissu ekki hverjir væru öryggisfulltrúar leikskólans.
- Leikskólinn hefur yfir að búa rýmingaráætlun vegna eldsvoða. Samræma þarf eftir deildum hvernig þeim er fylgt eftir og þær kynntar. Brunaæfingar eða æfingar vegna jarðskjálfta hafa ekki verið haldnar í leikskólanum og hvetja úttektaraðilar til þess að bætt verði úr því.
- Úttektaraðilar leggja til að útbúnir verði skriflegir ferlar vegna slysa og að starfsmenn fái viðeigandi þjálfun.

3. STJÓRNUN OG REKSTUR

Við leikskóla skal vera leikskólastjóri sem stjórnar starfi hans í umboði rekstraraðila. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri og starfi leikskóla og gætir þess að leikskólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli... Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.¹⁶

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahlads í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðipjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.¹⁷

Skólastarf Grænuvalla heyrir undir fræðslu- og menningarnefnd Norðurbings. Leikskólastjóri stjórnar daglegum rekstri. Þar sem skólanámskrá leikskólans liggur ekki fyrir er lítið um skráningu á faglegu starfi. Leikskólastjóri gerir rekstraraðila og bæjarstjórn grein fyrir starfsemi leikskólans í ársskýrslu. Að sögn leikskólastjóra er góð samvinna við fræðslu- og menningarfulltrúa en það vantar upp á þekkingu á leikskólastarfinu í vinnu sveitarfélagsins. Leikskólastjórnendur telja að það vanti fulltrúa leikskóla á skólaskrifstofu, aðila með þekkingu og reynslu af leikskólastarfi. Leikskólarnir í nágrenninu leiti mikið til Grænuvalla og það væri æskilegt að starfsmaður sveitarfélagsins veitti þessa þjónustu. Í dag eru Grænuvellir eini leikskólinn í sveitarfélaginu sem heyrir ekki undir grunnskóla og því ákveðin hætta á að fagþekking á leikskólastarfinu hverfi með þessari þróun.¹⁸

Leikskólinn hefur yfirleitt staðist rekstraráætlanir og sveitarfélagið hefur ekki gert athugasemdir við reksturinn. Helstu ástæður fyrir umframáætlun eru fjarvistir starfsmanna.¹⁹

3.1. Stjórnskipulag og skipurit.

Leikskólastjóri hefur starfað frá stofnun leikskólans en hún var áður aðstoðarleikskólastjóri í Bjarnarhúsi. Aðstoðarleikskólastjóri Grænuvalla var fyrir sameiningu aðstoðarleikskólastjóri á Bestabæ.

Skipurit Grænuvalla er ekki til en ákveðin verkaskipting er á milli skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Að sögn deildarstjóra og starfsmanna hentar stjórnskipuritið leikskólanum ágætlega miðað við stærð hans og verkefni þrátt fyrir að það sé ekki til skriflegt. Leikskólastjóri sér um fjármál og samskipti við stjórnsýslu en

¹⁶ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 5. gr. 2. mgr.

¹⁷ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 4. gr. 1. mgr.

¹⁸ Fundur með skólastjórnendum 14. mars 2012.

¹⁹ Fundur með bæjarstjóra og formanni fræðslu- og menningarnefndar, 14. mars 2012.

aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð á daglegu starfsmannahaldi. Deildarstjórar eru ábyrgir fyrir uppeldisstarfi.

Að sögn deildarstjóra og starfsmanna er aðkoma þeirra að stjórnun skólustarfsins ekki mikil. Deildarstjórar koma ekki að ráðningu sinna starfsmanna og borið hefur á því að þeir heyra um nýráðningar starfsmanna utan leikskólans. Starfsmenn hafa greiðan aðgang að stjórnendum en þeir segja að upplýsingaflæði megi bæta milli yfirstjórnar, deildarstjóra og starfsmanna. Ekki er lagt mat á stjórnun í sjálfsmati.²⁰

Starfslýsingar og vaktaplan liggur fyrir í leikskólanum og er það á ábyrgð hvers deildarstjóra að útbúa verkferla fyrir sína deild. Að sögn stjórnenda og starfsmanna eru hlutverk og verkaskipting starfsmanna nokkuð ljós. Nokkurt samstarf er á milli deilda, t.d. er verið að samræma starfið á deildunum Bergi og Bala, svo sem í tengslum við þemavinnu.

Starfsmannastefna Grænuvalla hefur ekki verið gefin út en drög að henni liggja fyrir.²¹

3.2. Starfsáætlun

Leikskólastjóri gefur árlega út sérstaka starfsáætlun. Í starfsáætlun er gerð grein fyrir árlegri starfsemi leikskóla, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans.²²

Leikskólastjóri gefur árlega út ársskýrslu/starfsáætlun. Hún er ekki ítarleg en gerð er grein fyrir skóladagatali og öðru sem varðar starfsemi leikskólans. Ársskýrsla er hvorki birt á heimasíðu né kynnt foreldrum en henni er skilað til sveitarfélagsins. Að sögn leikskólastjóra er markmiðið að endurbæta starfsáætlun og gera starfið formlegra, m.a. með því að skrá starfið niður.²³

3.3. Mat úttektaraðila

- Grænuvellir er eini leikskólinn í Norðurþingi sem heyrir ekki undir grunnskóla og er ákveðin hætta á að fagþekking á leikskólastarfinu hverfi með þessari þróun. Leikskólastjórnendur telja að það vanti fulltrúa leikskóla á skólaskrifstofu, aðila með þekkingu og reynslu af leikskólastarfi. Leikskólarnir í kring leita mikið til Grænuvalla og það væri æskilegt að starfsmaður sveitarfélagsins veitti þessa þjónustu. Að sögn leikskólastjóra er samvinna við fræðslu- og menningarfulltrúa góð en það vantar upp á þekkingu starfsmanna sveitarfélagsins á leikskólamálum. Úttektaraðilar taka undir þetta viðhorf leikskólastjórnenda og hvetja sveitarfélagið til að leita leiða til úrbóta.

²⁰ Rýnifundur deildarstjóra 14.mars 2012.

²¹ Ársskýrsla Grænuvalla 2010-2011.

²² Lög um leikskóla nr. 90/2008,14.gr.2. mgr.

²³ Fundur með skólastjórnendum 14.mars 2012.

- Leikskólinn hefur yfirleitt staðist rekstraráætlanir og sveitarfélagið hefur ekki gert athugasemdir við reksturinn.
- Sátt ríkir um skipurit leikskólans en það er ekki til skriflegt.
- Aðkoma deildarstjóra og starfsmanna að stjórnun skólastarfsins er ekki mikil. Deildarstjórar koma ekki að ráðningu sinna starfsmanna.
- Starfsmenn hafa greiðan aðgang að stjórnendum en þeir segja að upplýsingaflæði megi bæta milli yfirstjórnar, deildarstjóra og starfsmanna.
- Ekki er lagt mat á stjórnun í sjálfsmati sbr.lög um leikskóla.
- Hlutverk og verkaskipting starfsmanna er nokkuð ljós. Starfslýsingar og vaktaplan liggur fyrir í leikskólanum .
- Starfsmannastefna Grænuvalla hefur ekki verið gefin út en drög að henni liggja fyrir.
- Leikskólastjóri gefur árlega út ársskýrslu/starfsáætlun. Hún er ekki ítarleg, hvorki birt á heimasíðu né kynnt foreldrum en henni er skilað til sveitarfélagsins. Úttektaraðilar hvetja leikskólastjóra til að bæta úr ofangreindum atriðum.

4. SKÓLANÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar. 24 Í skólanámskrá skal gerð grein fyrir hvernig leikskólinn hyggst vinna að þeim markmiðum sem aðalnámskrá leikskóla setur, hvaða leiðir verða farnar og hvernig stadið er að mati. Jafnframt skal fjallað um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þær hugmyndafræðilegu áherslur sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið.²⁵

Grænuvellir eiga ekki skólanámskrá en til eru skólanámskrár frá þeim leikskólum sem voru sameinaðir árið 2007 þótt ekki sé unnið markvisst eftir þeim. Á fyrsta starfsári var unnið að því að sameina viðmið og finna flöt á starfsemi leikskólans sem allir gátu unað við. Niðurstaðan var foreldrahandbók Grænuvalla. Allir starfmenn komu að gerð handbókarinnar og var hún unnin á starfsmannafundum veturinn 2007 – 2008. Foreldrahandbókin er endurmetin reglulega. Árlega er farið yfir þær athugasemdir sem borist hafa og er það gert á deildarstjórafundum. Handbók Grænuvalla hefur verið gefin út fyrir árið 2011 – 2012. Þar eru skóladagatal leikskólans, áætlun fyrir deildarfundi og helstu áherslur flokkaðar eftir mánuðum.

Leikskólastjóri tók ákvörðun um að hefja ekki vinnu við skólanámskrá sameinaðs leikskóla heldur bíða nýrrar aðalnámskrár frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Í byrjun árs 2012 fékk starfsfólk kynningu á nýrri aðalnámskrá. Í framhaldi af þeim fundi hefur leikskólastjóri búið til áætlun yfir vinnuferli vegna skólanámskrár Grænuvalla. Starfsmannafundir verða nýttir til vinnunnar og unnið eftir gögnum sem leikskólastjóri hefur útbúið. Áhersla verður lögð á aðkomu allra starfsmanna að námskrágerðinni með það að leiðarljósi að sátt ríki um hana, fólk verði meðvitað um innihald hennar og treysti sér til að starfa eftir henni. Endurmeta verður hvort starfsmannafundir dugi til vinnunnar án þess að það bitni of mikið á öðru starfi.²⁶

Vinnan við gerð nýrrar aðalnámskrár mun hefjast á starfsmannafundi í lok mars 2012. Áætlað er að vinnunni ljúki innan þriggja ára.²⁷ Í rýnihópi kennara, starfsmanna og foreldra kom fram að þau voru ekki upplýst um aðgerðaáætlun vegna nýrrar skólanámskrár fyrir Grænuvelli. Þau telja mjög mikilvægt að vinnan gangi hratt fyrir sig því að erfitt sé að starfa eftir óskýrri stefnu og leiðarljósum. Ekki hefur verið tekin

24 Lög um leikskóla nr.90/2008.

25 Aðalnámskrá leikskóla 2011:34.

26 Gögn frá leikskólastjóra mars 2012.

27 Fundur með leikskólastjóra 14.mars 2012.

ákvörðun um hvernig aðkoma foreldra og barna að gerð nýrrar skólanámskrár verður háttað.

Að sögn leikskólastjóra hafa margar hugmyndir verið viðraðar um framtíð leikskólans en áherslan verður að öllum líkindum lögð á heilsu og markvissa málörvun.²⁸

4.1 Sérstakar námskrár.

Námskrár geta verið mismunandi eftir því hvort gera á grein fyrir starfinu í heild eða einstökum þáttum þess. Leikskóli getur því einnig sett sér námskrár sem fjalla um afmarkaða þætti í leikskólastarfinu og skal kynna þær á sama hátt og skólanámskrána.²⁹

Gerð hefur verið námskrá um útikennsluna en þar eru sett fram markmið verkefnisins, forsaga, framkvæmd, búnaður, viðbragðsáætlun, matseld, hreinlæti, leikurinn, hreyfing og klæðnaður. Garðyrkjustjóri sveitarfélagsins hefur komið að verkefninu og aðstoðar með aðföng og ferjar efni í skóginn þar sem útikennslan fer fram. Það hafði áhrif á ákvarðanatöku um verkefnið að lóð leikskólans er heldur lítil fyrir barnahópin sem þar er og einnig áhugi fyrir því að fjölga vettvangsferðum nemenda í náttúrunni.

4.2. Tengsl skólastiga

Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.³⁰

Leikskólinn er í samstarfi við Borgarhólsskóla á Húsavík og fara væntanlegir nemendur 1. bekkjar í vorskóla í grunnskólann. Markmið vorskólans er að draga úr spennu og kvíða sem fylgir því að hefja skólagöngu. Vorskólinn stendur yfir í þrjá daga og kynnast nemendur húsnæði, aðbúnaði og skólalóð grunnskólans og hitta skólastjóra og kennara. Að hausti og vori koma nemendur 1. bekkjar grunnskólans í heimsókn í leikskólann og elstu nemendur leikskólans fara í heimsókn í grunnskólann.

Nemendur í sjöunda bekk koma einu sinni yfir veturinn og lesa fyrir nemendur á elstu deildum leikskólans og reglulega er nemendum Grænuvalla boðið á sal Borgarhólsskóla. Á samráðsfundum beggja skóla að hausti bera leik- og grunnskólakennarar saman bækur sínar og leggja grunn að komandi vetrarsamstarfi skólanna. Að vori er upplýsingum um tilvonandi nemendur komið á framfæri. Grænuvellir eru samstarfsaðili tónlistarskólans á Húsavík. Tveir elstu árgangar leikskólans fara í skipulagða tónlistartíma til tónlistarkennara og taka þátt í ýmsum uppákomum. Elsti árgangurinn fer í tónlist í tónlistarskólum. Starfsmaður Grænuvalla sér um tónlistarkennslu yngri

²⁸ Gögn frá leikskólastjóra mars 2012.

²⁹ Aðalnámskrá leikskóla 1999:37.

³⁰ Lög nr. 90/2008 um leikskóla, 16. gr.

árganga. Í foreldrahandbók Grænuvalla er gerð grein fyrir samstarfi leikskóla og grunnskóla. Boðið er upp á tveggja vikna sundnámskeið að vori. Starfsmenn leikskólans fylgja tveimur elstu árgöngum í sundkennslu en foreldrar sjá sjálfir um að fara með þá sem eru yngri.

4.3. Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá Grænuvalla liggur ekki fyrir og uppfyllir leikskólinn því ekki ákvæði aðalnámskrár. Mikilvægt er að hraða vinnu við gerð hennar eins og kostur er. Leikskólinn og sveitarfélagið þurfa að móta aðgerða- og tímaáætlun um gerð námskrár og leggja þarf áherslu á samvinnu allra hagsmunaaðila og upplýsa þá um aðgerðaáætlun.
- Leikskólinn hefur gefið út foreldrahandbók Grænuvalla og komu allir starfsmenn að gerð hennar. Foreldrahandbókin er endurmetin reglulega. Hún er góður grunnur fyrir gerð nýrrar skólanámskrár og skráningu á starfi leikskólans.
- Formleg útikennsla er með elstu börnunum á Grænuvöllum. Gerð hefur verið námskrá um kennsluna en þar eru markmið verkefnisins sett fram. Garðyrkjustjóri sveitarfélagsins hefur komið að verkefninu. Innleiðingin hefur gengið vel og er skólinn hvattur til að efla þetta starf enn frekar, m.a. með yngri árgöngum.
- Tengsl milli skólastiga eru góð og lögð áhersla á gott samstarf milli leik- og grunnskólans. Í foreldrahandbók Grænuvalla er gerð grein fyrir samstarfi leikskóla og grunnskóla.
- Grænuvellir eru samstarfsaðili tónlistarskólans á Húsavík og hefur það samstarf gengið vel.
- Boðið er upp á tveggja vikna sundnámskeið fyrir nemendur leikskólans að vori.

5. MANNAUÐUR

5.1. Starfsfólk

Sveitarstjórn eða annar rekstaradili tekur ákvörðun um fjölda og samsetningu starfsmannahópsins í samráði við leikskólastjóra. Ákvörðunin skal byggjast á mati og tillögum leikskólastjóra og miðast við aldur, þarfir og fjölda barna.³¹

Meðal starfsaldur við skólann er um 8 ár (spönn = 9 mánuðir – 30 ár). Starfsmannavelta leikskólans er um 7% á ári. Kynjaskipting starfsmanna er 4% karlar og 96% konur. Sjá nánar töflu 1 hér fyrir neðan.

Tafla 1. Menntun starfsmanna Grænuvalla árið 2012

Menntun	Fjöldi	%
Leikskólakennari	16	36%
Þroskaþjálfari	1	2%
Þroskaþjálfanemar	2	4%
Stúdentspróf	3	6%
Leikskólaliði/félagliði	4	10%
Grunnskóli/einhverjar einingar í framhaldsskóla	19	42%
Alls	45	100%

Starfsmannahandbók er til á leikskólanum en að sögn deildarstjóra og starfsmanna er hún ekki aðgengileg. Hún var endurskoðuð sl. haust en ekki er búið að gefa hana út. Verið er að útbúa viðbragðsáætlun vegna áfalla.

5.2 Starfsþjálfun og símenntun

Símenntun starfsfólks skólans fer fram á starfsdögum og þingdögum og er leikskólastjóri ábyrgur fyrir henni. Á þingdegi hittast allir leikskólar á starfssvæði skólaskrifstofu Norðurþings og sitja fyrirlestra. Á ári hverju er einn símenntunardagur og er hann sameiginlegur með öðrum grunn- og leikskólum í Norðurþingi.

Símenntunaráætlun fyrir leikskólann í heild liggur ekki fyrir. Allir starfsmenn fara í starfsmannasamtöl og koma þeir óskum sínum á framfæri varðandi fræðslu og endurmenntun en er það á ábyrgð hvers starfsmanns að fylgja því eftir. Starfsfólk er hvatt til að sækja sér endurmenntun. Ferðakostnaður er ekki greiddur og starfsmenn fá ekki dagpening. Að sögn starfsfólks er framboð af símenntun ekki nægilegt. Vegna sparnaðar hefur endurmenntun dregist saman en fjölbreytni námskeiða orðið meiri. „Við höfum t.d. fengið fræðslu um læsi og stærðfræði en áður snerist allt um greiningar.“ Starfsfólk hefur aðgengi að fjarfundarbúnaði á bæjarskrifstofu og þekkingarsetri Norðurþings en að sögn stjórnenda er hann ekki mikið nýttur.

³¹ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Skólinn hefur yfir að ráða skriflegum verkferli um móttöku nýrra starfsmanna og ábyrgðarskiptingu stjórnenda³². Almenn ánægja er með móttöku nýrra starfsmanna.³³ Í rýnihópi deildarstjóra, kennara og starfsmanna kom fram að nýir starfsmenn eru ekki kynntir innanhúss áður en þeir hefja störf. Starfsfólk heyrir jafnvel af nýráðningu utan leikskólans. Starfsfólk vill fá ítarlegri kennslu og upplýsingar um bruna- og slysavarnir í upphafi starfs. Einnig mætti samræma þjálfun nýrra starfsmanna þar sem starfsfólk fær mjög misjafna kennslu eftir deildum.³⁴

5.3. Fundir og boðskipti

Stjórnendur hittast alla daga kl. 8.10 og fara yfir daginn og er almenn ánægja með fundina. Deildarstjórafundir eru haldnir einu sinni í viku og eru í klukkutíma. Deildarfundir eru á dagskrá á tveggja vikna fresti í klukkutíma í senn. Starfsmannafundir eru haldnir fjórum sinnum á ári í þrjá klukkustundir. Þar fer leikskólastjóri yfir starfið og síðan fara starfsmenn inn á sínar deildir og halda áfram að funda. Stjórnendur og starfsfólk telja að fækkun funda komi niður á faglegu starfi, t.d. í tengslum við námsskrárgerð.

Starfsmannasamtöl við allt starfsfólk eru tekin af skólastjórnendum einu sinni á ári.³⁵ Að sögn leikskólastjóra er þörf á endurskoðun eyðublaðs vegna starfsmannasamtala, það vanti t.d. inn í það frekari endurgjöf. Hann hefur ekki tekið saman heildarniðurstöður úr starfsmannasamtölum eða kynnt þær fyrir starfsfólki. Að sögn deildarstjóra, kennara og starfsfólks er skortur á eftirfylgni starfsmannasamtala. Þar sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sjá um samtölin eru deildarstjórar ekki nægilega upplýstir um þau. Þeir óska eftir samantekt til að geta stýrt betur sinni deild.³⁶

Almenn ánægja er með samskipti leikskólastjóra, stjórnenda og starfsmanna. Ekki liggja fyrir kannanir því til rökstuðnings en að sögn starfsfólks er gott aðgengi að stjórnendum. Starfsmenn óska helst eftir meiri upplýsingum, t.d. úr foreldraviðtölum, og meiri þátttöku í skólastarfinu. Upplýsingar skila sér ekki alveg til þeirra, m.a. vegna færri funda og einhver brestur hefur verið á að deildarfundir séu haldnir eins og áætlun gerir ráð fyrir. Mikið álag hefur verið vegna langtíma veikinda starfsmanna.³⁷

5.4. Fjarvistir starfsmanna

Óskað var eftir fjarvistaskýrslum frá leikskólanum vegna yfirstandandi og fyrra skólaárs. Fram kom hjá skólastjórnendum og fulltrúum sveitarfélagsins að mikið hafi verið um

³² Handbók fyrir sumarafleysingar.

³³ Handbók fyrir sumarafleysingar.

³⁴ Rýnihópur starfsmanna 15. mars 2012.

³⁵ Gögn send Attentus mars 2012.

³⁶ Rýnihópar stjórnenda, kennara og starfsmanna 14. og 15. mars 2012.

³⁷ Rýnihópar stjórnenda, kennara og starfsmanna 14. og 15. mars 2012.

fjarvistir meðal starfsmanna, sérstaklega þó vegna langtímaveikinda starfsmanna. Að sögn kennara hefur álag vegna veikinda starfsmanna bitnað á börnum og starfsfólki, mikið hafi verið um afleysingar og yngstu börnin verið viðkvæm fyrir breytingum.³⁸

Fjarvistir á hvern starfsmann á Grænuvöllum árið 2011 voru 18 dagar eða um 6,9% fjarvista á ári. Til samanburðar má geta þess að í könnun ParX frá árinu 2007 kemur fram að meðalfjarvistir á íslenskum vinnumarkaði eru 10,9 dagar eða 4,4% fjarvista á ári. Ennfremur eru skammtímaveikindi og fjarvistir vegna veikinda barna umfangsmeiri en meðaltal ParX, sjá nánar töflu 2 hér fyrir neðan.

Tafla 2. Fjarvistir starfsmanna Grænuvalla árið 2011.

Fjarvistahlutfall	Meðaltal ParX 2007	Grænuvellir 2011
Fjarvistadagar á starfsmann á ári	10,9	18
Fjarvistahlutfall	4,4%	6,9%
Skammtímaveikindi á starfsmann á ári	4	5,1
Langtímaveikindi á starfsmann á ári	6,4	4,6
Langtímaveikindi, hlutfall af heildar fjarvistum		25,5%
Veikindi barna (dagar á starfsmann)		2
Hlutfall veikinda barna af heildarfjarvistum	5-6,2%	11,1%

Fjarvistatölur leikskólans vegna janúar og febrúar 2012 benda til þess að fjarvistir meðal starfsmanna séu að aukast, sérstaklega þó í tengslum við veikindi barna. Sjá nánar á Töflu 3 hér fyrir neðan.

Tafla 3. Fjarvistir starfsmanna í janúar og febrúar 2012.

Fjarvistahlutfall	Janúar 2012	Febrúar 2012
Fjarvistadagar á starfsmann	2,3	3,6
Fjarvistahlutfall	10,5%	17,1%
Skammtímaveikindi á starfsmann	0	2,3
Langtímaveikindi á starfsmann	1,5	0,6
Langtímaveikindi, hlutfall af heildar fjarvistum	0%	17,1%
Veikindi barna (dagar pr. starfsmann)	0,5	0,6
Hlutfall veikinda barna af heildarfjarvistum	21,7%	16,7%

Helstu ástæður fyrir fjarvistum eru langtíma- og skammtímaveikindi meðal starfsmanna leikskólans. Um helmingur allra fjarvista eru vegna veikinda. Ekki er skráð hvaða ástæður liggja að baki skammtímaveikindum. Leikskólastjóri rýnir í ástæður langtímaveikinda en árið 2011 var útbúin fjarvistastefna fyrir leikskólann að fyrirmynd VIRK starfsendurhæfingarsjóðs.

³⁸ Rýnihópar kennara og starfsmanna 14. og 15.mars 2012.

5.5. Mat úttektaraðila

- Starfsmannahandbók er til á leikskólanum en hún er ekki aðgengileg. Hún var endurskoðuð sl. haust en ekki er búið að gefa hana út með breytingum. Verið er að útbúa viðbragðsáætlun vegna áfalla. Mikilvægt er að flýta þessari vinnu.
- Símenntunaráætlun fyrir leikskólann í heild liggur ekki fyrir og er hvatt til að bætt verði úr því. Skólinn hefur yfir að ráða skriflegum verkferli um móttöku nýrra starfsmanna og er almenn ánægja með hvernig þeim málum er háttað innan leikskólans en kynna þarf betur nýja starfsmenn áður en þeir hefja störf.
- Starfsfólk vill fá ítarlegri kennslu og upplýsingar um bruna- og slysavarnir í upphafi starfs. Einnig mætti samræma þjálfun nýrra starfsmanna eftir deildum.
- Sveitarfélagið er hvatt til að skoða möguleika á því að fjölga starfmannafundum svo að auka megi vægi faglegs starfs, t.d. vegna námskráargerðar.
- Starfsmannasamtöl eru tekin af skólastjórnendum einu sinni á ári. Skólastjóri hefur ekki tekið saman heildarniðurstöður úr starfsmannasamtölum eða kynnt þær fyrir starfsfólki. Skortur er á eftirfylgni starfsmannasamtala og upplýsingaflæði til deildarstjóra um niðurstöður samtalanna.
- Almenn ánægja er með samskipti leikskólastjóra, stjórnenda og starfsmanna. Ekki liggja fyrir kannanir því til rökstuðnings en að sögn starfsfólks er gott aðgengi að stjórnendum.
- Mikilvægt er að endurskoða þátttöku starfsmanna í skólastarfinu. Þeir óska eftir meiri upplýsingum úr foreldraviðtölum, upplýsingar skila sér ekki alveg til þeirra, m.a. vegna færri funda og einhver brestur hefur verið á að deildarfundir séu haldnir eins og áætlun gerir ráð fyrir.
- Fram kom hjá skólastjórnendum og fulltrúum sveitarfélagsins að mikið hafi verið um fjarvistir meðal starfsmanna, sérstaklega þó vegna langtímaveikinda starfsmanna. Að sögn kennara hefur álag vegna veikinda starfsmanna bitnað á börnum og starfsfólki, mikið hafi verið um afleysingar. Leikskólinn er hvattur til að nýta sér enn frekar þjónustu VIRK og finna leiðir til úrbóta.

6. UPPELDI, MENNTUN OG UMÖNNUN

6.1. Börnin.

Í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla segir að ákvörðun um fjölda barna skuli taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu³⁹

Skólinn hefur yfir að búa skriflegum verkferli í tengslum við móttöku nýrra barna. Verkferillinn felur í sér upplýsingar um ábyrgð og aðgerðaáætlun sem unnið er eftir þegar tekið er á móti nýjum börnum. Ábyrgð og aðgerðum við móttöku barna er þar einnig skipt upp í eftirfarandi undirflokkar: Börn tekin inn að vori/hausti, í upphafi aðlögunar, ný börn á öðrum tímum en vor/haust og barn af erlendum uppruna.⁴⁰

Í töflunum hér að neðan má sjá fjölda barna í hverri deild og eftir árgöngum. Að sögn starfsmanna og foreldra er almenn sátt við skiptinguna en talið er að fjöldi barna á elstu deildinni Hóli sé of mikill eins og kemur fram í kafla 2.5.1 um húsnæði. Börnin og starfsfólkið séu þreytt eftir daginn. Mikil fjölgun hefur verið á leikskólanum síðustu ár og að sögn allra sem rætt var við í rýnihópum má ekki fjölga meira á leikskólanum.⁴¹

								Samtals
Deildir	Hóll	Tunga	Árholt	Bali	Berg	Vilpa	Foss	
Fjöldi barna	32	24	23	17	17	13	13	139
Árgangur	2006	2007 / 2008	2007 / 2008	2008/ 2009	2008/ 2009	2009 / 2010	2009 / 2010	
Fermetrar	84	86	86	82	82	78	78	

Dvalartími	4 klst.	5 klst.	6 klst.	7 klst.	8 klst.	9 klst.	Samtals
Fjöldi barna	3	3	20	6	91	16	139

Árgangur	Drengir	Stúlkur	Samtals	Dvalarstundir
2010	18	14	32	258
2009	14	14	28	229
2008	13	17	30	244
2007	15	16	31	252,5
2006	11	7	18	147
Samtals	71	68	139	1130,5

³⁹ Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

⁴⁰ Móttaka nýrra barna – Leikskólinn Grænuvellir.

⁴¹ Rýnihópur stjórnenda, starfsmanna og fulltrúa sveitarfélagsins 14. og 15. mars 2012.

6.2. Dagskipulag leikskólans

Dagskipulag Grænuvalla er með nokkuð hefðbundnum hætti þar sem dagurinn skiptist í megindráttum milli hópastarfs, frjáls leiks, útiveru og máltíða. Leikskólinn opnar kl. 7.45 og er opin til kl. 17.15. Dagskipulagið er einnig til myndrænt þannig að allir geti áttað sig á dagskránni sem framundan er. Stuðst er við tákni með tali.⁴² Aðspurðir voru foreldrar sem rætt var við sáttir við dagskipulag skólans og töldu opnunartíma mæta þörfum fjölskyldunnar. Dagskipulagið er endurmetið reglulega og koma starfsmenn að þeirri vinnu. Að sögn starfsmanna er dagskipulagið of stíft og innrammað sem kemur niður á frjálsum leik barnanna. Þeir óska eftir meira samræmi á milli deilda og auknu vægi frjálsa leiksins.

Leiðbeiningar um aðlögun barna eru til skriflegar og í sífelldri endurskoðun. Starfsmenn vilja t.d. endurskoða hvort leikskólinn eigi að taka yngstu börnin inn í hópum eða eitt og eitt í einu. Að sögn foreldra eru þeir ánægðir með aðlögun barna, telja það ferli mjög skipulagt og að það taki tillit til þarfa barnanna.⁴³

Leikskólinn hefur hvorki sett sér stefnu í uppeldis- og kennsluháttum né námsmarkmið. Á yngstu deildunum er meiri áhersla á grunnþætti; hlustun, samveru, að taka tillit til annarra og fara eftir reglum. Á næsta þrepi aukast kröfurnar og á elsta stigi eru ákveðin verkefni í tengslum við næsta skólastig.⁴⁴ Lögð er áhersla á að nemendur nái ákveðnum námsmarkmiðum en þau eru ekki til skrifleg. Almenn sátt ríkir milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins.⁴⁵

6.3. Leikur og nám

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur..... Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.... Hlutverk leikskólakennara er að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt.⁴⁶

Áhersla er lögð á frjálsa leikinn og borin er virðing fyrir honum, vægi hans í daglegu starfi er þó of lítið að sögn kennara og starfsmanna. Markmiðið er að draga úr formlegri dagskrá og auka vægi frjálsa leiksins. Deildarstjórar telja að auka megi fræðslu hjá ófaglærðu starfsfólki um frjálsa leikinn. Í dag fer frjálsi leikurinn mikið fram í gegnum val hjá börnunum. Valið er ekki skráð en deildarstjórar fylgjast með því. Að sögn

⁴² Ársskýrsla Grænuvalla 2010-2011.

⁴³ Rýnihópur starfsmanna og foreldra 15.mars 2012.

⁴⁴ Fundur með skólastjóra og aðstoðarskólastjóra 14.mars 2012.

⁴⁵ Rýnihópur foreldra 14.mars 2012.

⁴⁶ Aðalnámskrá leikskóla 2011:26.

starfsmanna má auka fjölbreytni í vali, t.d. að fá aftur inn „sulluker” og heimsækja aðrar deildir. Einnig mætti leyfa börnum að vera inni ef þau vilja ekki fara út. Dagskráin ráði deginum um of. „Við verðum að hlusta meira á þeirra þarfir”.⁴⁷ „Vægi leiksins á frekar að flæða en að höggva á hann, það verður meiri ró”.⁴⁸

Að sögn barnanna er gaman í leikskólanum en þau telja sig ekki fá að ráða miklu, „... bara leika áður en við fáum morgunmat og þegar hann er búinn og eftir hádegi, þá er kominn kaffitími, þá leikum við smá og svo kemur einhver að sækja mig”. Þau eru ánægð í útiveru, segja að þar megi þau ráða hvað þau leiki sér, „... það er gaman að búa til snjófall og renna sér og róla, fara í sandkassann og klifra uppi á þaki.” Einnig voru þau ánægð með íþróttasalinn og trampólínið.⁴⁹

6.4. Leikefni og efniviður

Efniviður leikskóla á að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna á ólíkum aldri.....Leikefni þarf að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana.50

Leikskólinn er ágætlega búinn leikföngum og mikið um opinn og verðlausan efnivið. Einingarkubbar eru á elstu deildunum í bland við annað leikefni. Starfsfólk og foreldrar segja að eftir efnahagsbreytingar hafi leikfangainnkaup minnkað og þörf sé á endurskoðun. Foreldrar hafa verið duglegir að gefa leikskólanum dót en þörf sé á heildarendurskoðun á leikefni og efnivið og að skólinn hreinsi til hjá sér og setji sér stefnu í þessum efnunum. Verðlaus efniviður er mikið notaður og hefur vægi hans aukist.⁵¹

Starfsfólk, foreldrar og börn eru ágætlega sátt við það leikefni og efnivið sem leikskólinn býður upp á en óskað er eftir meiri fjölbreytni, krefjandi dóti, endurnýjun og skiptum á milli deilda. Börnin hafa ekki formleg áhrif er kemur að vali á leikefni en starfsfólk hlustar á þau. Börnin voru spurð hvaða dót væru skemmtilegust og sögðu þau “perló, babyborn, strumpanir”. Þau voru ánægð með söngstundir, íþróttastundir og tónlistarstund. Öll lýstu yfir mikilli ánægju með afmælin.⁵²

6.5. Lífsleikni og líðan nemenda

Á Grænuvöllum er unnið með lífsleikni og dyggðanám. Kennarar stuðla að því í gegnum leik að börnin efli með sér sjálfstraust og jákvæða sjálfsmýnd. Þeir kenna börnunum að leysa ágreiningsmál, bera virðingu fyrir öðrum og skoðunum þeirra. Markmiðið er að

47 Rýnihópur starfsmanna 15.mars 2012.

48 Fundur með skólastjórnendum 14.mars 2012.

49 Rýnihópur barna 15.mars 2012.

50 Aðalnámskrá leikskóla 2011:27.

51 Rýnihópur kennara, starfsfólks og foreldra 14. og 15.mars 2012.

52 Rýnihópur barna 15.mars 2012.

börnin læri að sýna umburðarlyndi, taki tillit til annarra og eigi góð og gefandi samskipti við aðra.⁵³

Börnin á Grænuvöllum virðast glöð og ánægð með leikskólann, „... *ef einhver meiðir sig þá huggum við hann og stundum þössum við litlu krakkana,*” „... *stundum líður okkur vel og stundum illa, það er leiðinlegt ef einhver er lasinn eða meiðir sig.*”⁵⁴ Leikskólastjóri leggur mikla áherslu á gott andrúmsloft og ef einhverjum líður illa er kallað til utanaðkomandi aðila. Tekið er þroskamat á öllum börnum og því fylgt eftir í foreldraviðtali árlega. Deildarstjórar leggja áherslu á góð samskipti við foreldra og að mæta hverju barni eins og það er, einnig að vera með ramma, öryggi, festu og rútinu fyrir yngstu börnin. Starfsfólk sýnir börnunum væntumþykju og aga þannig að þau þekki sín mörk. Starfsfólk telur að vel sé hugsað um börnin og fljótt tekið á málum ef eitthvað er að. „*Styrkur sveitarfélagsins er smæðin og samkenndin, við leggjumst öll á eitt ef eitthvað er að.*”

Gripið er til verkferla ef grunur vaknar um að barni líði illa. Skólinn hefur greiðan aðgang að sérfræðiþjónustu innan og utan leikskólans. Verkefni skólans í snemmtækri íhlutun hefur haft góð áhrif á líðan nemenda en það þarf að tryggja að sérkennslustjóri leikskólans hafi tíma til að sinna málum innan skólans og sé ekki tekinn í almennar afleysingar.⁵⁵

6.6. Lýðræðisþjálfun

Aðkoma barna að ákvarðanatöku innan skólans og lýðræðisáhrif þeirra virðist ekki vera mikil á leikskólanum. Börnin sem rætt var við sögðu að *kennararnir* réðu í skólanum en þau mættu ráða afmælinu sínu og „*stundum í Pony.*” Þau sögðu að kennararnir byggju til reglurnar. Þau voru spurð hvort þau vildu breyta einhverju á leikskólanum og sögðu m.a. „... *vil fá að fara í heimsókn til litlu systur minnar, breyta kaffikönnunni, fá flugvél,*” og einn sagðist vilja verða ríkur og kaupa allt sem hann vildi.⁵⁶ Deildarstjórar sögðu að leikskólastarfið biði upp á sveigjanleika, hlustun og gagnvirk samskipti en það mætti auka lýðræðisverkefni hjá leikskólanum. Hópastarfið væri t.d. of kennarastýrt.⁵⁷

6.7. Samskipti agi og hegðun.

Á Grænuvöllum er lögð áhersla á að nemandi fái að tjá hugsanir sínar og tilfinningar og færi rök fyrir máli sínu, jafnframt því að að hlusta á gott mál. Unnið er eftir þremur

⁵³ Gögn frá leikskólastjóra, mars 2012.

⁵⁴ Rýnihópur barna 15.mars 2012.

⁵⁵ Rýnihópur starfsmanna 15.mars 2012.

⁵⁶ Rýnihópur barna 15.mars 2012.

⁵⁷ Fundur með deildarstjórum 14.mars 2012.

grunnreglum varðandi aga og hegðun í samverustundum, hópastarfi og við matarborðið. Þær eru:

- Gula reglan: Sitja kyrr
- Rauða reglan: Hlusta
- Græna reglan: Hendur og fætur hjá sér

Kennarar meta málefni hvers og eins og reyna að finna mismunandi lausnir. Sumir eru með límmiðabækur sem þeir fá límmiða í þegar þeir sýna tiltekna hegðun, aðrir fá stimpla á hendina, „við *notum 1,2,3 aðferðina* og „*time out*“.⁵⁸ Agastefnan er ekki samræmd eftir deildum og aldri. Að sögn starfsmanna er erfitt að leysa af í deildum því að stefnan er ekki samræmd og því væri æskilegt að fá betri þjálfun í agamálum. Starfsmenn eru ekki nægilega upplýstir um þau börn sem eru með ákveðin frávík eða á „*gráa svæði*“.⁵⁹

Unnið er með markvissa málörvun í gegnum leik. Sumar deildir nota „*Tákn með tali*“, TMT, en það er tjáningarform, ætlað heyrandi fólki sem á við mál- og talörðugleika að stríða og er leið til tjáskipta jafnframt því sem það örvar málvitund og málskilning barnsins.⁶⁰

Börnin voru spurð út í samskipti og reglur á leikskólanum. „*Við megum ekki öskra inni og vera með læti, ekki hlaupa, ekki meiða, ekki læti, en bara þínu úti.*“ „*Ef við erum ekki að stjórnna okkur þá förum við á stólinn.*“ Þau sögðust geta talað við alla í leikskólanum, „*samt ekki alla í einu.*“⁶¹

6.8. Þróunarverkefni

Leikskóli verður að vera í stöðugri þróun, fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild. Þróunarstarf getur m.a. falist í skipulögðum verkefnum sem eiga að leiða til nýbreytni, þróunar og umbóta í leikskólastarfinu.

Árið 2005 var farið af stað með rannsóknar- og þróunarverkefni í snemmtækri íhlutun til handa nemendum leikskólans. Sérfræðingur í hreyfiproska og hreyfigreiningu var faglegur ábyrgðarmaður og stjórnandi verkefnisins sem kallast „*Betri Grunnur Bjartari Framtíð*“. Verkefnið var unnið í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Sjúkraþjálfun Húsavíkur og Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga. Einnig lögðu margir sérfræðingar, kennarar og styrktaraðilar á sig mikla vinnu til þess að hægt væri að

⁵⁸ Agi og hegðun Grænuvalla, einblöðungur.

⁵⁹ Rýnihópur starfsmanna 15.mars 2012.

⁶⁰ Foreldrahandbók Grænuvalla, bls. 7.

⁶¹ Rýnihópur barna 15.mars 2012.

hleypta verkefninu af stökkunum og þjálfra fagaðila og starfsfólk leikskólans í hreyfigreiningu svo að vel mætti fara.⁶² Markmiðið með verkefninu var að börnin lærðu að þekkja líkamann, armhreyfingar og líkamsstöðu, að þau öðluðust aukinn vöðvastyrk, þol, snerpu, lipurð og aukna samhæfingu líkamshreyfinga við markvissa hreyfingu.⁶³

Að sögn stjórnenda er enn unnið eftir hugmyndafræði þróunarverkefnisins og ágætlega hefur gengið að festa það í sessi, þó með smávægilegum breytingum. Í upphafi var unnið í því tvisvar sinnum í viku en í dag er það á tveggja vikna fresti. Að sögn kennara varð vart ákveðins leiða meðal starfsmanna. Einnig hafði áhrif að leikskólinn hefur stækkað og í dag þurfa deildir að deila salnum. Stjórnendur segja að erfitt sé fyrir nýja starfsmenn að setja sig inn í verkefnið og þörf sé á að kynna það betur fyrir þeim.⁶⁴

Í dag er mikill áhugi innan leikskólans á að þróa útikennslu. Verkefnið hefur ekki verið undirbúið sem formlegt þróunarverkefni en áhugi er á að sækja um það.⁶⁵

6.9. Mat úttektaraðila

- Skriflegt ferli vegna móttöku nýrra barna liggur fyrir og er almenn ánægja með það.
- Á leikskólanum eru um 140 börn. Að teknu tilliti til leikvallar, starfsfólks, barna og nánasta umhverfis leikskólans er hann orðinn þéttsetinn. Miklar breytingar hafa verið á húsnæðismálum og hafa starfsfólk, foreldrar og börn sýnt aðdáunarvert úthald.
- Skriflegt og myndrænt dagskipulag liggur fyrir og er það endurmetið reglulega. Gæta þarf að samræmi milli deilda varðandi dagskipulag og að mati starfsmanna er það nokkuð stíft og innrammað og kemur niður á frjálsa leiknum og innra starfinu og börnin telja sig ekki ráða miklu.
- Leiðbeiningar um aðlögun barna eru til skriflegar og eru þær endurskoðaðar.
- Leikskólinn hefur ekki sett sér stefnu í uppeldis- og kennsluháttum eða námsmarkmið og er hann hvattur til að bæta úr því, t.d. við gerð skólanámskrár.
- Almenn sátt ríkir milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins.
- Vægi frjálsa leiksins er ekki mikið að sögn starfsmanna og er skólinn hvattur til að skoða vægi hans í tengslum við dagskipulagið og við gerð nýrrar skólanámskrár. Einnig má auka fræðslu hjá ófaglærðu starfsfólki um frjálsa leikinn.
- Þörf er á heildarendurskoðun á leikefni og efnivið leikskólans og að hann marki sér stefnu í þeim málum. Auka má þátttöku barna við val á leikefni.

⁶² Starfsmannastefna Grænuvalla bls. 11.

⁶³ Foreldrahandbók Grænuvalla bls. 7.

⁶⁴ Rýnihópur stjórnenda, kennara og starfsmanna 14. og 15. mars 2012.

⁶⁵ Fundur með skólástjórnendum 14.mars 2012.

- Á leikskólanum fer fram jákvæð vinna í lífsleikni- og dyggðarnámi. Þroskamat er tekið á öllum börnum og því fylgt eftir í foreldraviðtölum árlega. Skýrir ferlar liggja fyrir varðandi líðan barna og samskipti milli allra aðila virðast mjög góð og einlæg. Ekki liggur þó fyrir mat á líðan barna og mætti bæta úr því.
- Greiður aðgangur er að sérfræðipjónustu utan skólans. Nokkur óánægja er með aðgang að sérkennslustjóra innan leikskólans. Tryggja þarf að sérkennslustjóri hafi tíma til að sinna starfi sínu og sé ekki tekinn í almennar afleysingar.
- Auka þarf aðkomu barna að ákvarðantöku innan skólans og lýðræðisáhrif þeirra virðast ekki vera mikil.
- Agastefna er ekki samræmd eftir deildum og aldri. Úttektaraðilar hvetja til að mörkuð verði samræmd agastefna innan leikskólans og starfsfólk, foreldrar og börn upplýst um stefnuna og þau fái þjálfun við hæfi. Upplýsa þarf starfsmenn betur um börn sem eru með ákveðin frávík og greiningar, sérstaklega afleysingastarfsfólk.
- Grænuvellir unnu þróunarverkefni árið 2005 í snemmtækri íhlutun, ágætlega hefur gengið að festa það í sessi. Bæta má upplýsingaflæði til nýrra starfsmanna um verkefnið og kynna það betur.
- Leikskólinn er hvattur til að sækja um styrk vegna útikennslu sem formlegt þróunarverkefni. Þar sem ekki er framkvæmt innra mat hefur því ekki verið fylgt eftir með markvissri skólaþróun.

7. SKÓLABRAGUR OG SAMSKIPTI

7.1. Starfsandi og samskipti

Að sögn skólastjórnenda og starfsmanna einkennist skólabragur leikskólans af væntumþykju, jákvæðni, gleði, fagmennsku, samvinnu og stuðningi starfsmanna. Miklar breytingar hafa orðið á skólabragnum eftir sameininguna og telja stjórnendur að starfsfólk sé orðið meðvitaðara um þá kennslu og það faglega starf sem fer fram á leikskólanum. Lögð er áhersla á gleði á vinnutíma en ekki er mikið um samveru utan hans. Helst er kvartað yfir skorti á upplýsingaflæði frá stjórnendum og einhverskonar brú á milli leikskólakennara og ófaglærðra starfsmanna.⁶⁶

Ýmislegt er gert til þess að byggja upp jákvæðan skólabrag og stuðla að vellíðan barna og fullorðinna, t.d. verður farið í námsferð til Svíþjóðar í vor. Ýmsar hefðir eru á leikskólanum, t.d. litlu jól, óvissuferð, sumargrill ofl. Stjórnendur telja að þennan þátt megi auka. Gagnvart börnunum er unnið að því í daglegu starfi að stuðla að vellíðan þeirra og starfsmenn hafa tekið jákvætt í að börn megi heimsækja systkini sín á aðrar deildir. Ekki er fylgst reglulega með starfsanda og ánægju í leikskólanum. Síðasta könnun var gerð árið 2008 og kom mjög vel út í þessum þáttum.⁶⁷ Foreldrar í rýnihópi eru mjög ánægðir með samskipti sín við starfsmenn og stjórnendur leikskólans. Þeir telja sig eiga auðvelt með að koma öllu á framfæri, bæði í gegnum tölvupóst og dagleg samskipti.⁶⁸

7.2. Jafnrétti.

Að sögn skólastjórnenda er jafnréttis barna gætt í starfi skólans. Í drögum að starfsmannastefnu er fjallað um jafnréttismál. Leikskólinn leggur áherslu á leikskóla án aðgreiningar. Í leikskólanum eru fötluð börn sem taka þátt í daglegu starfi og um 10 erlend börn. Erlendum börnum hefur fækkað á síðustu árum, færri sérkennslumál eru í dag og snúa þau aðallega að málörvun. Móttökuáætlanir vegna barna af erlendum uppruna eru ekki til skriflegar en að sögn leikskólastjóra er litið til Reykjavíkurborgar með móttökuáætlunina. Leikskólinn hefur aðgang að túlk fyrir pólskumælandi foreldra. Að sögn deildarstjóra er móttöku barna af erlendum uppruna ábótavant og mætti fjölga leiðum og auka úrval bæklinga, þetta sé eitthvað sem hægt sé að laga. Að sögn kennara er gætt jafnréttis meðal starfsmanna.⁶⁹

⁶⁶ Rýnihópur stjórnenda, kennara og starfsmanna 14. og 15.mars 2012.

⁶⁷ Rýnihópur stjórnenda, kennara og starfsmanna 14. og 15.mars 2012.

⁶⁸ Rýnihópur foreldra 14.mars 2012.

⁶⁹ Rýnihópur stjórnenda, kennara og starfsmanna 14. og 15.mars 2012.

7.3. Þátttaka og áhrif.

Að sögn kennara fá þeir að tjá sig um flesta þætti þegar gera á breytingar á því sem viðkemur skólastarfinu, þeir hafi stundum áhrif en ekki alltaf. Starfsmenn telja þátttöku sína ekki nægilega. Að sögn foreldra er aðkoma þeirra og þátttaka í mótun uppeldisstarfsins ekki með formlegum hætti. Einn fundur er haldinn að hausti og opin umræða, annars er ekki mikil umræða um starfið. Þeir benda þó á að kallað hafi verið eftir viðbrögðum foreldra vegna sumarlokana og af 140 netföngum hafi 14 svör borist. Foreldrar telja sig hafa áhrif á breytingar á leikskólastarfinu í gegnum foreldraráð leikskólans, þar leggi þeir fram tillögur um umbætur og séu umsagnaraðilar. Aðkoma barna að ákvarðanatöku innan leikskólans er ekki með formlegum hætti. Deildarstjórar reyna að grípa ýmis tækifæri til að auka áhrif barna og breyta út af vananum, t.d. ef börnin vilja fara út í göngutúr eða í annan leik, en annars er þetta ekki gert með markvissum hætti.

7.4. Einelti.

Í starfsmannastefnu sem unnin var veturinn 2010-2011 af aðstoðarleikskólastjóra er gerð grein fyrir stefnu leikskólans í eineltismálum. Þar koma fram aðgerðir til að fyrirbyggja einelti og leiðir til úrlausna ef einelti kemur upp í leikskólanum. Hún var yfirfarin á starfsmannafundi, ekki er búið að fullvinna hana. Þar koma fram aðgerðir til að fyrirbyggja einelti og leiðir til úrlausna ef einelti kemur upp í leikskólanum. Að sögn starfsmanna og foreldra hefur þeim ekki verið kynnt nægilega vel stefna leikskólans í eineltismálum. Að sögn deildarstjóra hefur komið upp eineltismál meðal starfsmanna og ekki ríkti full sátt um úrlausn þess. Kennarar og starfsmenn hafa ekki orðið varir við einelti.⁷⁰

7.5. Mat úttektaraðila

- Að mati úttektaraðila er starfsandi jákvæður og samskiptin góð á leikskólanum.
- Jafnréttisáætlun liggur ekki fyrir en í drögum að starfsmannastefnu leikskólans er fjallað um jafnréttismál. Móttökuáætlanir vegna barna af erlendum uppruna eru ekki til skriflegar og er þeim ábótavant.
- Þátttaka og áhrif starfsmanna og foreldra að skólastarfinu er ekki nægileg. Aðkoma barna að ákvarðanatöku innan leikskólans er ekki með formlegum hætti. Eineltisstefna liggur fyrir í drögum að starfsmannastefnu. Kynna þarf betur stefnuna fyrir starfsmönnum og foreldrum.

⁷⁰ Rýnihópur stjórnenda, kennara og starfsmanna 14. og 15.mars 2012.

8. LEIÐARLJÓS, GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR OG NÁMSVIÐ LEIKSKÓLA.

Í aðalnámskrá er settir fram grunnþættir menntunar sem eiga að vera leiðarljós við námskráargerð. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Námsvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi sköpun og menning.⁷¹

Eins og fram hefur komið er skólanámskrá Grænuvalla ekki til en að sögn leikskólastjóra eru leiðarljós Grænuvalla að nemendum, foreldrum og kennurum líði vel í skólanum og að traust ríki á milli aðila. Allir nemendur fái notið sín sem einstaklingar, þeir taki sjálfstæðar ákvarðanir, skoðanir þeirra séu virtar og borin virðing fyrir þeim. Nemendur læri að vinna einir eða saman í hópum, séu kurteisir og taki tillit til annarra og umhverfisins. Reynt sé að bjóða upp á skapandi nám sem nái fram og örvi grunnþætti menntunar. Kennarar upplifi og geti fundið að þeir séu og kenni sem ein heild.⁷² Foreldrar sem rætt var við lýstu ánægju með alla eftirfylgd með þroska barnanna og töldu leikskólann standa vel að samvinnu við foreldra í því efni.⁷³

8.1. Samþætt og skapandi leikskólastarf.

Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiksins. Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla.⁷⁴

8.1.1. Heilbrigði og velferð.

Öll börn í leikskólanum fara í hreyfipjálfun á sal aðra hverja viku. Megináhersla í hverri kennslustund er á grófhreyfifærni og samhæfingu hreyfinga. Nemendum er skipt í hópa og eru 6-8 í hverjum hóp. Allar deildir hafa óskipulagða hreyfistund aðra hverja viku í íþróttasalnum. Nemendur hafa aðgang að fjölbreyttum efnivið til eflingar grófhreyfinga.

Nemendur á aldrinum 5-6 ára fara í útkennslu í Húsavíkurskóg. Þeim er skipt í tvo hópa og fer hvor hópur einu sinni í viku í skóginn. Einnig fara aðrar deildir í skóginn í heimsókn þegar vel viðrar að vori og einstaka sinnum í boði 5-6 ára nemenda. Í skóginum hefur verið útbúin aðstaða til að elda og eru öll aðföng í matargerðina borin þangað. Þar er einnig að finna bekki o.fl. Nemendur eru í frjálsum leik þann tíma sem þeir eru í skóginum, þeir fá frelsi til að kanna, rannsaka, leika, safna að sér og taka með heim það sem þeir finna markvert, tálga spýtur o.fl. sem þeir geta nýtt sér. Á sumrin er meira verið úti og þá er líka farið oftari í skoðunarferðir/rannsóknarferðir.

⁷¹ Aðalnámskrá leikskóla 2011.:9.

⁷² Gögn frá leikskólastjóra mars 2012.:28.

⁷³ Gögn frá leikskólastjóra apríl 2012.

⁷⁴ Aðalnámskrá leikskóla 2011.:9.

Í matmálistímum er lögð áhersla á að nemendur læri að bera ábyrgð, allt eftir aldri barnanna. Á elstu deildinni ganga börnin einnig frá eftir morgunverð og raða í uppþvottavél. Hugað er að næringargildi matvöru á leikskólanum en m.a. er boðið upp á hafragraut tvisvar í viku, brauð er yfirleitt bakað í eldhúsi með grófu korni, grænmeti er í boði tvisvar á dag o.fl. Lögð er áhersla á að nemendur fái góða hvíld yfir daginn og fer hvíldartími eftir aldri nemenda og einstaklingum.⁷⁵

8.1.2. Sjálfbærni og vísindi.

Nærumhverfi Grænuvalla er órjúfanlegur þáttur í umhverfismennt nemenda. Mikið er sótt í skrudgarðinn sem er við hliðina á Grænuvöllum en í gegnum hann rennur Búðaráin. Þar er mikið fuglalíf og fá nemendur gamalt brauð í eldhúsinu til að gefa fuglum. Mikið er sótt af efnivið í garðinn á haustin en þá er lögð áhersla á samspil vistkerfisins og þess að sýna hófsemi. Nemendur hafa með sér poka og fara með það sem þeir finna heim í leikskólann til að rannsaka betur. Þeir hafa aðgang að stækkunargleri og bókum. Einnig fara elstu börnin með efni í endurvinnsluna.⁷⁶

8.1.3. Sköpun og menning.

Á Grænuvöllum er unnið með áhugasvið nemanda. Hver nemandi fær að velja fræðslufni tengt sköpun eða að hann tekur þátt í því þema/starfi sem er í gangi hverju sinni. Lögð er áhersla á að námið geti nýst nemanda á ánægjulegan hátt og virkji hann áfram í þekkingarleit sinni. Sem dæmi má nefna að í marsmánuði hefur þemað verið „Húsavík - Bærinn okkar“. Tvær yngstu deildirnar sameinuðust um þema, tvær miðeildir og tvær 4-5 ára deildir og svo var elsta deildin með sitt þema starf.⁷⁷ Að sögn leikskólastjóra er vilji fyrir því að vinna meira með áhugasvið barna, þannig að þau fái að koma fyrr að áhugasviði sínu. Það er frjálsræði fólgið í því að barnið fái að vera í einhverju sem það er gott í, t.d. skapandi starfi, ípróttum, smíðum, útiveru, inniveru, verklegu o.sfrv. Mikilvægt er að barnið festist ekki í því sem það hefur ekki áhuga fyrir.⁷⁸

Nemendur Grænuvalla fara í Safnahúsið sem hýsir gamla muni frá fyrri tímum. Einnig er þar til þokkalega stórt safn uppstoppaða dýra, bæði á láði og legi. Þar er bókasafnið til húsa og fara nemendur þangað að skoða bækur og fá lánaðar bækur og þá þarf að skila þeim aftur. Hvalasafnið er heimsótt einu sinni á ári.⁷⁹

⁷⁵ Gögn frá leikskólastjóra apríl 2012.

⁷⁶ Gögn frá leikskólastjóra apríl 2012.

⁷⁷ Gögn frá leikskólastjóra apríl 2012.

⁷⁸ Viðtal við skólastjórnendur 14.mars 2012.

⁷⁹ Gögn frá leikskólastjóra apríl 2012.

8.1.4. Læsi og samskipti.

Á Grænuvöllum er unnið með markvissa málörvun og myndmál. Nemendur eru í söng og hreyfileikjum og leikrænni tjáningu. Nemendur fara í leiki eins og að gera tungu- og varaæfingar, nota röddina, herma eftir, búa til þulur, sögubækur, rímsögur og rímmyndir. Myndmál er notað á öllum deildum í formi dagskipulags (myndrænt), valtoflur eru myndrænar, stólar nemenda ofl. Á öllum deildum er grunnurinn „*Tákn með tali*“ notaður.⁸⁰ Í samverustundum er nemendum skipt upp í hópa, þar sem fara fram samræður, lestur bóka ofl.⁸¹ Leikskólinn hefur sett sér markmið með samverustundum.

Í söngstundum er nemendum skipt í hópa eða þeir eru allir saman og fer það eftir aldri þeirra. Þar er sungið og dansað frjálst. Hljóðfæri eru notuð einu sinni í viku á yngstu deildum. Á elstu deildinni er tónlistarsamstarf við grunnskólann og nemendur fara einu sinni í viku í skipulagða tónlist með tónlistakennara. Einnig eru þeir æfðir í að dansa eftir tónlist og bjóða þá nemendum Grænuvalla á sýningu í sal. Það er mismikið lagt upp úr söngstundum á deildum.⁸² Leikskólinn hefur sett sér markmið með söngstundum.

Á fimm deildum Grænuvalla eru Einingakubbar. Skort hefur á að unnið sé rétt með kubbanu og stendur það til bóta næsta haust.⁸³

8.2. Mat úttektaraðila

- Leikskólinn leggur áherslu á að nemendum, foreldrum og kennurum líði vel í leikskólanum og að traust ríki á milli aðila.
- Vel er staðið að heilbrigði og velferð í leikskólanum, lýsa úttektaraðilar ánægju með hvernig unnið er að þessum þætti, t.d. með aðkomu að hreyfipjálfun, útikennslu og heilbrigðu mataræði.
- Nærumhverfi Grænuvalla er órjúfanlegur þáttur í umhverfismennt nemenda og hefur leikskólanum tekist vel að nýta það í sjálfbærni og vísindum.
- Leikskólinn leggur áherslu á sköpun og menningu en nýta má betur áhugasvið barnanna. Leikskólinn stendur sig vel í læsi og samskiptum. Mikil áhersla er lögð á markvissa málörvun, tákn með tali, tónlist og myndmál. Samræma má betur söngstundir á milli deilda og notkun hljóðfæra. Úttektaraðilar hvetja til að unnið sé markvissara með einingakubba og starfsfólk frætt betur.

⁸⁰ Gögn frá leikskólastjóra apríl 2012.

⁸¹ Gögn frá leikskólastjóra apríl 2012.

⁸² Gögn frá leikskólastjóra apríl 2012.

⁸³ Gögn frá leikskólastjóra apríl 2012.

9. INNRA MAT

Hver leikskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 17. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.⁸⁴

Í febrúar 2008 var gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna Norðurþings og Grænuvalla. Aðgerðaáætlun í kjölfar niðurstaðna liggur ekki fyrir.⁸⁵ Starfsfólk, börn og foreldrar koma ekki að innra mati leikskólans í dag. Kannanir liggja ekki fyrir þar sem lagt er mat á skólastarfið, samstarf heimila og skóla, samskipti og viðmót stjórnenda, leikskólakennara og starfsmanna. Ekki er lagt mat á frammistöðu kennara. Innra mat á skólanum veitir ekki fullnægjandi upplýsingar um veikleika og styrkleika skólastarfsins.⁸⁶ Innra mat hefur ekki verið framkvæmt í leikskólanum í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá.

Endurmat á starfinu fer fram í gegnum dagbók leikskólans og skóladagatal. Á deildarstjórafundum og starfsmannafundum fer fram umræða um starfið og starfið er endurskoðað jafnóðum. Allir starfsmenn koma að gerð skóladagatala.⁸⁷

9.1. Mat úttektaraðila

- Innra mat er ekki framkvæmt í leikskólanum í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá. Að mati úttektaraðila er innra mat ófullnægjandi og mikilvægt að það verði bætt hið fyrsta.

⁸⁴ Lög um leikskóla 90/2008, 18. gr.

⁸⁵ Viðhorfskönnun Grænuvalla, febrúar 2008.

⁸⁶ Fundur með skólastjórnendum, kennurum, foreldrum, starfsfólki og fulltrúum sveitarfélagsins 14. og 15. mars 2012.

⁸⁷ Fundur með skólastjórnendum 14. mars 2012.

10. FORELDRASAMSTARF OG YTRI TENGL

Foreldrar leikskólábarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt þessari grein.⁸⁸

Að sögn skólastjórnenda og kennara hefur skólanum tekist ágætlega að koma á samvinnu við foreldra og aðra hagsmunaaðila og almenn sátt ríkir milli leikskólans og foreldra um fyrirkomulag starfsins. Góð samvinna við foreldra er á hverri deild. Sumar deildir senda tölvupósta og myndir heim til foreldra einu sinni í viku en það er misjafnt eftir deildum. Nálægðin við samfélagið býður upp á samvinnu við hagsmunaaðila.⁸⁹

10.1. Foreldraráð

Kjóra skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið ... Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.⁹⁰

Foreldraráð leikskólans er skipað þremur fulltrúum. Auglýst var eftir sjálfboðaliðum og er sátt um val í foreldraáð. Fundir hafa ekki verið haldnir reglulega en leikskólastjóri hefur kallað ráðið til eftir þörfum, s.s. vegna undirbúnings skóladagatala og við breytingar á skólastarfinu. Starfsreglur og fundargerðir foreldraráðs liggja ekki fyrir.⁹¹

10.2. Foreldrafélag

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag. Allir foreldrar verða sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi Grænuvalla nema ósk um annað sé borin upp við leikskólastjóra eða stjórn foreldrafélagsins. Foreldrafélag hittist fimm sinnum á ári og það býður nemendum upp á ýmsa tilbreytingu, s.s. leiksýningar, grill og fleira, í samstarfi við leikskólann. Fundargerðir foreldrafélags liggja fyrir en þær eru ekki birtar á heimasíðu.

10.3. Lýðræði og þátttaka

Að sögn skólastjórnenda eru foreldrar virkir þátttakendur í skólastarfinu. Nokkuð góð mæting er á kynningarfundum leikskólans, foreldraviðtöl og viðburði sem skipulagðir eru af foreldrafélaginu. Foreldraviðtöl eru tekin einu sinni á ári og deilarstjórar sjá um þau.

⁸⁸ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 9. gr.

⁸⁹ Fundur með skólastjórnendum, kennurum, foreldrum og starfsfólki 14. og 15. mars 2012.

⁹⁰ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 11. gr.

⁹¹ Fundur með skólastjórnendum 14. mars 2012.

Börnin fara í þroskapróf og er samantekt gerð sem allt starfsfólk deildanna les yfir. Starfsfólk getur gert athugasemdir eða fengið nánari skýringar ef það óskar eftir.⁹² Að sögn skólastjórnenda og foreldra eiga foreldrar auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann og almenn ánægja er með foreldraviðtöl. Ekki liggja fyrir kannanir í kjölfar foreldraviðtala.

Aðgangur foreldra að upplýsingum um skólastarfið er nokkuð greiður, t.d. í gegnum heimasíðu, tölvupóst, upplýsingatöflu í fataklefa og í dagleg samskipti. Heimasíðan er opin öllum og eru myndir af börnunum opnar almenningi.⁹³ Foreldrar í rýnihópi lögðu til að stefna og einkunnarorð leikskólans mættu vera sýnilegri á heimasíðunni. Einnig að lén leikskólans væri annað. Þeir óska eftir að mánaðardagatal leikskólans verði oftari uppfært.

10.4.Samskipti heimilis og leikskólans, grenndarsamfélags.

Að sögn leikskólastjóra er gott samstarf við grenndarsamfélagið (s.s. menningarlíf, æskulýðsstarf og atvinnulíf). Farið er á bókasafn, tónlistarskólann, kaffihús, Hvamm, sund, netagerð, bryggju og þemadaga í netaverkstæði. Leikskólinn er virkur í útikennslu og reglulega er farið í skógarferð. Garðyrkjustjóri sveitarfélagsins er í góðri samvinnu við leikskólann í tengslum við útikennsluna.⁹⁴ Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins mætti foreldrasamstarfið vera gagnvirkara. Ekki allir foreldrar hafa aðgang að tölvu og því þarf að finna leiðir til að koma upplýsingum til foreldra.

10.5.Mat úttektaraðila

- Skólanum hefur tekist vel til að koma á samvinnu við foreldra og aðra hagsmunaaðila. Foreldraráð er í leikskólanum. Móta þarf betur starf foreldraráðs, skrifa starfsreglur og fundargerðir og gera þær aðgengilegar.
- Almenn ánægja er með störf foreldrafélags og eru fundargerðir birtar á heimasíðu leikskólans.
- Lýðræði er virkt og þátttaka foreldra er góð. Foreldrar eiga auðvelt með að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og greiður aðgangur er að starfsfólki. Úttektaraðilar benda á að stefna skólans og einkunnarorð megi vera skýrari á heimasíðu, lén skólans breytt og mánaðardagatal skólans uppfært oftari. Virkt samstarf er milli leikskólans og grenndarsamfélagsins.
- Skoða þarf leiðir til að koma upplýsingum til foreldra sem ekki hafa aðgang að tölvu.

⁹² Ársskýrsla Grænuvalla 2010-2011.

⁹³ Fundur með skólastjórnendum 14.mars 2012.

⁹⁴ Fundur með skólastjórnendum 14.mars 2012.

11. SÉRKENNSLA BARNNA OG SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGSINS

Mat á námi á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli þess skal veita þeim námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í skólalífinu.⁹⁵

Á vegum sveitarfélaga skal rekin sérfræðiþjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðiþjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Leikskólastjóri skal samræma innan hvers leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna skv. 21. gr. Jafnframt skal hafa samráð við félagsþjónustu sveitarfélaga vegna málefna einstakra barna eftir því sem þurfa þykir. ⁹⁶

Sérkennslustjóri er starfandi á leikskólanum og heyrir hann undir leikskólastjóra. Hann ber ábyrgð á að skipuleggja sérkennsluna eftir þörfum hvers einstaklings og útbúa einstaklingsnámskrá í samvinnu við foreldra og deildarstjóra. Í námskrá eru þeir þættir sem unnir eru með barninu, markmið með þeim og leiðir að markmiðunum. Sérkennslustjóri metur í samráði við leikskólakennara hvenær þörf er á sérfræðiaðstoð skólateymis fjölskyldu- og skóladeildar. Hann hefur samband við foreldra, gerir athuganir, skráningar og viðeigandi þroskalýsingar.⁹⁷ Að sögn leikskólastjóra er aðgangur skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.⁹⁸

Deildastjóri ber ábyrgð á að sérkennsla fari fram en sérkennslustjóri ber ábyrgð á eftirfylgd og að samráðsfundir séu haldnir með reglulegu millibili. Verkferlar liggja fyrir vegna sérkennslunnar í leikskólanum sem og fyrirkomulag þjálfunarstunda. Greiningargögn fylgja barninu upp í grunnskólann. Nokkur óánægja er með sérkennsluna innan leikskólans, gerð einstaklingsnámskrár er í lagi en eftirfylgni ekki næg í einstökum málum. Að sögn kennara er sérkennari nýttur í afleysingar á deild og kemur það niður á sérkennslunni. Tryggja þurfi betur eftirfylgni mála sérkennara.⁹⁹ Verkferlar um eftirfylgni í framhaldi af greiningu eru til en að sögn deildarstjóra taka málin of langan tíma.¹⁰⁰

Skólalífið hefur það hlutverk að veita greiningar og ráðgjöf í leikskólum og grunnskólum í sveitafélaginu. Þeir sérfræðingar sem leikskólinn hefur

⁹⁵ Aðalnámskrá leikskóla 2011:31.

⁹⁶ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 21. og 22. gr.

⁹⁷ Sótt af heimasíðu Grænuvalla 10. mars 2012.

⁹⁸ Fundur með leikskólastjóra 14.mars 2012.

⁹⁹ Fundur með deildarstjórum, leikskólakennurum og starfsmönnum 14. og 15. mars 2012.

¹⁰⁰ Rýnihópur deildarstjóra og sérkennslustjóra 14.mars 2012.

aðgang að eru: Sálfræðingur, deildastjóri málefna fatlaðra, iðjupjálfi, sjúkráþjálfari og talmeinafræðingur. Skólastjórnendur og deildarstjórar eru mjög ánægðir með þá þjónustu sem leikskólinn fær frá sveitarfélaginu, aðgengi barna og foreldra að þjónustunni sé gott og það sé mjög dýrmætt að fá sjúkráþjálfara og iðjupjálfa inn í leikskólann, aðstaða til þjálfunar sé góð.¹⁰¹

Sérfræðiþjónustan er ekki kynnt foreldrum og öðrum hlutaðeigandi aðilum formlega en í rýnihópi foreldra var almenn vitneskja um þá þjónustu sem er í boði og mikil ánægja með hana. Ekki liggja fyrir kannanir á ánægju með sérkennsluna en hún var tekin út árið 2009 af sveitarfélaginu og kom í ljós að leikskólinn bauð upp á meiri þjónustu en lög gera ráð fyrir.¹⁰²

Skólinn hefur fengið ráðgjöf/kynningu á skólastarfi frá sérfræðingum utan skólans í tengslum við læsi barna. Sérfræðingur frá Háskólanum á Akureyri kynnti verkefnið en leikskólinn hefur ekki tekið ákvörðun um hvort byrjendalæsi verði innleitt. Eins og staðan er í dag er dagskipulag barna mjög stíft, þannig að verði byrjendalæsi innleitt þarf að taka aðra þætti úr dagskipulaginu.¹⁰³

Skólinn er í samstarfi við heilsugæsluna, t.d. í tengslum við 2½ árs og fjögurra ára skoðun leikskólabarna. Haldnir eru mánaðarlegir fundir með hjúkrunarfræðingi og allt sem snýr að heilbrigðisþjónustu hefur eflst á síðustu árum að sögn stjórnenda.

11.1. Mat úttektaraðila

- Aðgangur skólans og foreldra að sérfræðiþjónustu er í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga.
- Almenn ánægja er með þjónustuna frá sveitarfélaginu en nokkur óánægja er með eftirfylgni í einstökum málum hjá sérkennslustjóra leikskólans.
- Ekki liggja fyrir kannanir um ánægju með sérkennsluna en hún var tekin út árið 2009 og kom í ljós að leikskólinn bauð upp á meiri þjónustu en lög gera ráð fyrir.
- Samstarf er við heilsugæsluna.

¹⁰¹ Fundur með skólastjórnendum 14.mars 2012.

¹⁰² Fundur með fulltrúum sveitarfélagsins 14.mars 2012.

¹⁰³ Fundur með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra 15.mars 2012.

12. MAT OG EFTIRLIT SVEITARFÉLAGSINS

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.¹⁰⁴

12.1. Ytra mat.

Sveitarfélagið hefur ekki framkvæmt ytra mat á leikskólanum. Að sögn formanns fræðslu- og menningarmála vantar formlegt mat. Þar sem leikskólinn skilar ekki inn mati á skólastarfinu er umbótaáætlun leikskólans ekki til.¹⁰⁵

12.2. Aðkoma sveitafélags

Helstu áherslur sveitarfélagsins í rekstri leikskólans eru eftirlit með rekstri og starfsmannamálum og að fara yfir skóladagatal og starfsáætlun leikskólans. Að sögn bæjarstjóra er skólinn að standa sig vel en launakostnaður hefur verið hár, m.a. vegna langtímaveikinda starfsmanna.

Starfsmannastefna liggur ekki fyrir í sveitarfélaginu en drög að nýrri jafnréttisáætlun liggur fyrir, fyrri áætlun er frá árinu 2004.

Að sögn fulltrúa sveitarfélagsins hefur rekstur leikskólans gengið vel, ánægja er með stjórnun leikskólans, mönnun, faglegt starf og foreldrasamstarf. Framtíðarsýn bæjarstjóra Norðurþings er að leikskóli, grunnskóli og framhaldsskóli verði undir sama hatti. Hann vill sjá samfellu í gegnum öll skólastig og heildarsýn hjá öllum skólastigum.¹⁰⁶

12.3. Mat úttektaraðila

- Ytra mat er ekki framkvæmt í leikskólanum í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá. Að mati úttektaraðila er ytra mat ófullnægjandi og mikilvægt að það verði bætt hið fyrsta.

¹⁰⁴ Lög um leikskóla nr. 90/2008, 19.gr.

¹⁰⁵ Fundur með bæjarstjóra og formanns fræðslu og mennignarnefndar 14.mars 2012.

¹⁰⁶ Fundur með bæjarstjóra og „formanns fræðslu og mennignarnefndar“ 14.mars 2012.

13. NIÐURSTÖÐUR HÖFUNDA

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum á úttekt á leikskólanum Grænuvöllum á Húsavík. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar og aðalnámskrár leikskóla.

Í viðtölum voru stjórnendur, kennarar, starfsmenn, börn, foreldrar og fulltrúar sveitarfélags spurðir út í styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri leikskólans. Hér að neðan má sjá helstu niðurstöður úr viðtölum við þessa aðila ásamt mati úttektaraðila.

13.1. Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar	Veikleikar
Stjórnun leikskólans. Mikil ánægja með leikskólastjóra.	Hugmyndafræði, stefna og áhersluþættir leikskólans ekki skráðir.
Ágætur stöðugleiki starfsfólks og meðalstarfsaldur hár.	Leikskólinn er fullur, orðinn stór leikskóli.
Samstarfsvilji, sveigjanleiki og aðlögunarhæfni starfsfólks vegna framkvæmda á leikskólanum.	Vantar símenntunaráætlun.
Eins árs börn fá inngöngu í leikskólann.	Vantar innra mat.
Samheldni starfsmanna og góður starfsandi.	Miklar breytingar á húsnæði, hávaði inni á deildum, plássleysi, bílastæðamál.
Mikil fagmennska og metnaður starfsfólks.	Mikið álag út af breytingum.
Húsnæði og aðbúnaður góður.	Vantar skólastefnu sveitarfélagsins. Lítil aðkoma leikskólans að þeirri vinnu. Hún tekur ekki mið af aðalnámskrá 2011.
Nánd og lítið samfélag.	Margir starfsmenn og boðleiðir erfiðari en áður, minna upplýsingaflæði.
Gott aðgengi að starfsfólki leikskólans.	Fáir starfsmannafundir og deildarstjórar hittast aldrei allir.
Útikennsla.	Fjárskortur, skortur á leikefni og efnivið.
Góður matur í leikskólanum.	Hátt hlutfall fjarvista starfsmanna.
Stjórnun leikskólans, góð festi, vel rekinn leikskóli og ánægja með stjórnun.	Öryggismálum ekki fylgt nægilega eftir (rýmingaráætlun ekki samræmd, brunaæfingar ekki haldnar, ferlar vegna

	slyss óskýrir, lítil þjálfun starfsfólks).
Sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins.	Enginn leikskólafulltrúi á skólaskrifstofu / eini leikskólinn í sveitarfélaginu sem heyrir ekki undir grunnskóla.
Góð tengsl við grunnskóla og tónlistarskóla, auk þess sem elstu börnin fara í sundkennslu.	Starfsmannastefna, jafnréttisstefna og eineltisstefna hefur ekki verið kynnt eða aðgerðir í tengslum við það.
Starfsmannasamtöl tekin við allt starfsfólk.	Starfið ekki metið (ánægja starfsfólks, foreldra, líðan barna ofl.).
Fjarvistastefna.	Ársskýrsla skólans ekki opinber.
Þróunarverkefni innleidd með góðum árangri.	Dagskipulag nokkuð stíft.
	Agastefna ekki samræmd á deildum.
	Móttökuáætlun v. erlendra barna ekki til.
	Sérkennslu innan leikskólans ekki fylgt nægilega vel eftir.

13.2. Ógnanir og tækifæri

Ógnir	Tækifæri
Fjárhagsleg ógn, niðurskurður.	Ný skólanámskrá.
Fræðslunefndin / stjórnvöld, starfsmenn telja sig þurfa að berjast fyrir tilverurétti sínum.	Markviss málörvun.
Neikvæð umræða í samfélaginu um leikskólann, ef barn kemst ekki inn strax flyst fólk ekki í bæinn.	Gera leikskólann sýnilegri.
Eini leikskólinn á Húsavík.	Útikennsla, heilsutenging, hreyfiþjálfun og umhverfið.
Þreytt starfsfólk og frekari veikindi starfsmanna.	Samvinna við grunnskólann og aðrar stofnanir.
Fjölgun í samfélaginu .	Starfsfólkið og faglegur metnaður.

13.3. Tillögur að aðgerðum til úrbóta

13.3.1 Tillögur til úrbóta á aðkomu sveitarfélagsins

- Mikilvægt er að ný **skólastefna sveitarfélagsins** taki mið af nýrri aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011. Sveitarfélagið er hvatt til að virkja þátttöku allra hagsmunaaðila í gerð stefnunnar.
- Tryggja að málefni leikskólans fái hljómgrunn innan **skólaskrifstofu**, t.d. með leikskólafulltrúa.
- Sveitarfélagið tryggi að **ytra mat** og sjálfsmat fari fram.
- Finna leiðir til að koma í veg fyrir frekari **niðurskurð** í leikskólanum til að tryggja faglegt starf. Mikilvægt er að leikskólinn fái svigrúm til að móta stefnu, geti endurskoðað leikföng og efnivið, haldi húsnæðinu við og sinni almennu viðhaldi.

13.3.2. Tillögur til úrbóta á starfi leikskólans

- Útbúa þarf **stefnu skólans** svo og **skólanámskrá** út frá aðalnámskrá, lögum og reglugerðum með þátttöku allra aðila skólasamfélagsins.
- Fjölga þarf starfsmannafundum og **auka faglega umræðu** starfsmanna um hugmyndafræði, stefnu, áherslupætti, stjórnun og innra starf. Jafnframt þarf að kynna betur allar áætlanir og stefnur sem skólinn vinnur eftir (s.s. starfsmannastefnu, rýmingaráætlanir, móttöku nýrra starfsmanna, ársskýrslu og móttökuáætlun vegna erlendra barna ofl.)
- Leikskólinn fjölgi ekki frekar börnum í núverandi **húsnæði**. Finna þarf leiðir til að minnka hávaða á elstu deild og dreifa börnunum betur.
- Halda þarf **brunaæfingar** og þjálfar starfsfólk.
- Útbúa þarf **símenntunaráætlun** og **móttökuáætlun vegna erlendra barna** og kynna niðurstöður úr **starfsmannasamtölum** fyrir deildarstjórum.
- Fylgja þarf betur eftir einstökum málum sem snúa að **sérkennslu** innan leikskólans.
- Leggja þarf aukna áherslu á aðkomu barna og starfsfólks að **ákvarðanatöku** og auka umræðu um **lýðræði** barna. Einnig má auka vægi **frjálsa leiksins** í dagskipulaginu. Samræma má **agastefnu** eftir deildum.
- Finna leiðir til að minnka **fjarvistir** starfsmanna.
- Framkvæma þarf **innra mat**, kynna niðurstöður og útbúa sjálfsmatsskýrslu.

14. HEIMILDIR

Aðalnámskrá leikskóla. 2011. Mennta- og menningamálaráðuneytið, Reykjavík.

Áhættumat.

Ársskýrsla Grænuvalla 2011.

Dagsskipulag deilda.

Drög að starfsmannastefnu Grænuvalla.

Drög að rýmingaráætlun Grænuvalla.

Erindisbréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins, 6.febrúar 2012.

Fjarvistir starfsmanna Grænuvalla 2011.

Foreldrahandbók Grænuvalla 2011.

Fundargerðir foreldrafélags.

Greinargerð skólastjórnenda um grunnþætti menntunar og leiðarljós Grænuvalla, mars 2012.

Kröfubréf Slökkviliðs Húsavíkur v.Grænuvalla 14.júní 2010.

Lög um leikskóla nr.90/2008 .

Námsskrárgerð Bjarnarhúss 2006 (eldri skólanámskrá).

Útikennsla Grænuvalla.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Samstarf leik- og grunnskóla 2011-2012.

Starfsáætlun 2011-2012.

Starfsmannaviðtalseyðublað Grænuvalla.

Verkferli sérkennslu.

Viðbragðsáætlun vegna útikennslu Grænuvalla.

VIÐAUKAR

Grunn dagskipulag Grænuvalla

07:45 Leikskólinn opnar – móttaka og róleg stund

08:15 – 08:45 Morgunverður

08:45 – 11:30 Samverustund, skipulagt starf, hópastarf, frjáls leikur, útivera.

11:30 – 12:00 Hádegisverður

12:00 – 14:30 Hvíld/söfn, útivera, frjáls leikur, hópavinna, hreyfing

14:30 – 15:00 Nónhressing

15:00 – 17:00 Frjáls leikur

17:00 – 17:15 Leikskólinn lokar

Á hverri deild má sjá nánari útfærslu á dagskipulagi deildar.